VETRARFATNAÐUR Í ÚRVALI
Hafnarbúðin
Sími 456 3245

MIKIÐ ÚRVAL AF GJAFAVÖRUM
VERIÐ VELKOMIN
ÞRISTUR EHF
VERSLUN, SILFURGÖTU 5
SÍMI 456 3422
OPIÐ FRÁ KL. 9—18 VIRKA DAGA OG FRÁ KL. 11-15 LAUGARDAGA

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
Miðvikudagur 1. september 2004 · 35. tbl. · 21. árg.

Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18
Sími 410 8119
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Bjóðum í það sem í boði er

– segir Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins KNH ehf. á Ísafirði sem hefur stækkað hröðum skrefum að undanförnu. Sjá miðopnu

SAMKAUP
Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21
SAMKAUP
...gæði og ferskleiki!
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Verkefninu „Samspil náttúru og mannlífs að fornu og nýju“ hrint í framkvæmd

Verkefninu ætlað að fjölga háskólamenntuðu fólki á Vestfjörðum

Verkefni sem ber yfirskriftina „Samspil náttúru og mannlífs að fornu og nýju” hefur verið hrint í framkvæmd. Myndaður hefur verið verkefnahópur skipaður Önnu Guðrúnu Edvardsdóttur sem er verkefnisstjóri, Ragnars Edvardssonar og Þorleifs Eiríkssonar. Markmið verkefnisins er að skapa atvinnugrundvöll fyrir vísinda- og fræðimenn á ýmsum sviðum náttúru- og félagsvísinda, fornleifafræði, sögu og menningar á Vestfjörðum.

Megin markmiðið er að auka atvinnumöguleika háskólamenntaðs fólks á Vestfjörðum með því að skapa ný atvinnutækifæri. Verkefnið fær styrk úr sjóði iðnaðarráðuneytisins að upphæð kr. 500.000 auk þess sem Náttúrustofa Vestfjarða styrkir verkefnið með jafnhárri upphæð. Unnið er að því að fjármagna verkefnið enn frekar, segir í frétt á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða.

Hlutverk verkefnisstjóra felst meðal annars í því að kynna Vestfirði fyrir vísinda- og fræðimönnum og háskólum sem áhugavert rannsóknarsvæði og stað til rannsóknarstarfa. Einnig mun verkefnisstjóri leggja fram áætlun á skráningu gagna á samræmdan hátt í samvinnu við stofnanir í fjórðungnum og samræma vinnu annarra samstarfsstofnana. Gagnagrunnurinn verði hýstur hjá Náttúrustofu Vestfjarða og mun nýtast vísinda- og fræðimönnum auk háskólanema.

Þau sem starfa að verkefninu munu hafa aðstöðu hjá Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.

„Með þessu næst vonandi það markmið að fjölga háskólamenntuðu fólki á svæðinu og fjölga tækifærum í atvinnugreinum sem ekki hafa verið til á svæðinu“, segir í frétt á heimasíðu Náttúrstofu Vestfjarða. – *thelma@bb.is*

Þróttarhúsið lagað

Tvö tilboð bárust í utanhússviðgerðir á Hafnargötu 9b í Bolungarvík, sem í daglegu tali er kallað Þróttarhús og er í einu Bolungarvíkurkaupstaðar. Gera þarf við múrskemmdir og mála húsið og bauð Málningalagerinn ehf. 2.837.810 krónur í verkið, en Hallgrímur Kristjánsson ehf. 2.850.406 krónur. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 2.870.946 krónur. Bæjarráð hefur lagt það til við bæjarstjórn að tilboði Málningalagersins verði tekið. Á efri hæð hússins er starfræktur heilsársskóli fyrir börn.

Tímamót í Bolungarvík

Tímamót eru í útgerðarsögu Bolungarvíkur, en Guðmundar Einarssonar ÍS-155 hefur nú komið með yfir 1.000 tonn að landi á yfirstandandi fiskveiðiári og er það mesti afli sem krókaaflamarksbátur hefur komið með að landi á einu fiskveiðiári til þessa, að því kemur fram á vikari.is. Guðmundur Einarsson skipstjóri mun brátt taka við skipstjórn á línuskipinu Einari Hálfdáns ÍS-11 sem keypt var til Bolungarvíkur fyrr í sumar. Guðmundur er nú í sínum síðasta róðri á Guðmundi Einarssyni ÍS-155 en hann hefur í sjö ár róið á krókaaflamarksbátum sem borið hafa sama nafn.

Sami fjöldi báta í Víkinni

Fjöldi þeirra smábáta sem landaði í Bolungarvík í sumar er svipaður því sem verið hefur undanfarin ár. Aflinn hefur þó verið minni í sumar en á sama tíma í fyrra. „Það hefur bara einfaldlega veiðst minna á færi í sumar“, segir Ólafur Svanur Gestsson, yfirhafnarvörður í Bolungarvík. „En bátafjöldinn er sá sami og í fyrra. Það voru um það bil 70 bátar að landa hjá okkur í júlí. Í ágúst voru þeir um 90. Meiri hluti þeirra kemur annars staðar að.“

Síðasta skip sumarsins

Síðasta skemmtiferðaskip sumarsins, Ocean Majesty, lagðist að bryggju á Ísafirði í síðustu viku. Skipið er grískt, um 10.500 tonn og voru 500 farþegar um borð. Var farþegunum m.a. boðið upp á skemmtiatriði á vegum Morrans.

Sjómaður í Bolungarvík hyggst kæra lögregluna á Ísafirði fyrir einelti

„Höfum greitt fyrir upplýsingar í fíkniefnamálum“

– segir Hlynur Snorrason, rannsóknarlögreglumaður á Ísafirði

Í DV á föstudag er sagt frá sjómanni í Bolungarvík sem hyggst kæra lögregluna á Ísafirði fyrir einelti. Hann telur lögregluna leggja fé sér til höfuðs. Blaðið segist einnig hafa undir höndum upptöku þar sem heyrist hvar rannsóknarlögreglumaður býður vini sjómannsins peninga fyrir upplýsingar um ferðir hans. Forsaga málsins, að sögn DV, er sú að aðfararnótt þriðjudags í þarsíðustu viku stöðvaði lögreglan á Ísafirði Bolvíkinginn í Ísafjarðardjúpi og gerði fíkniefnaleit í bifreið hans. Blaðið segir að skömmu áður hafi rannsóknarlögreglumaður boðið vini Bolvíkingsins töluverða peningaupphæð fyrir að gefa upplýsingar um ferðir mannsins. Það hafi hann gert en jafnframt látið vininn vita af fyrirhuguðum aðgerðum lögreglunnar.

Hlynur Snorrason.

Lögreglustöðin á Ísafirði.

Bolvíkingurinn segir í samtali við DV að sér finnist þetta skrítin vinnubrögð hjá lögreglunni og þarna sé verið að „borga peninga til þess að koma upp um saklausan mann“ eins og segir í blaðinu. Fram kemur að boðnar hafi verið 25 þúsund krónur fyrir upplýsingarnar og auk þess hafi verið lofað að flýta fyrir afhendingu 70 þúsund króna sem teknar voru af upplýsingagjafanum þegar fjórir hassmolar fundust í bíl hans.

Lögreglan á Ísafirði hefur greitt fyrir upplýsingar í málum tengdum fíkniefnamisferlum í gegnum tíðina að sögn Hlyns Snorrasonar rannsóknarlögreglumanns. Hann vill ekki gefa upp hversu oft þessi aðferð hefur verið notuð né hversu miklum fjármunum hefur verið varið til þessara hluta. „Við höfum sem betur fer náð góðum árangri á undanförnum árum í baráttunni við þennan vágest og vonandi náum við ennþá betri árangri á komandi árum. Sá árangur sem náðst hefur er ekki síst að þakka mikilli og náinni samvinnu við almenning. Við höfum beitt þeim aðferðum sem lög leyfa við störf okkar og þessi aðferð er ein af þeim, þrátt fyrir að hún sé ekki mikið notuð“, sagði Hlynur í samtali við BB.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari segir í samtali við DV að lögreglan hafi innri starfsreglur í málum sem þessum. Hann segir ekki óeðlilegt að greiða fyrir upplýsingar en sú aðferð væri oftast bara notuð í stórum og alvarlegum málum.

– hj@bb.is

Farfugl frá Dýrafirði sést í Frakklandi

Íslenskur, nánar til tekið vestfirskur, jaðrakan sást í Frakklandi fyrir stuttu. Fuglinum hafði verið gefið nafnið Lóa en hann var litmerktur við Mýrar í Dýrafirði í sumar. „Það er alltaf gaman að vita hvert fuglinn fer en algengt er að þeir hafi vetursetu meðal annars í Frakklandi, Englandi og Portúgal“, segir Böðvar Þórisson hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Þrír jaðrakanar voru merktir við Mýrar í sumar og voru þeir nefndir Lóa, Einar og Bergsveinn eftir heimilisfólki staðarins. Ennþá er töluvert af jaðrakönum í Önundarfirði og sáust síðast tveir litmerktir þar. Annar þeirra var merktur í fyrra en hinn hefur ekki sést áður á Vestfjörðum og líklega ekki áður á Íslandi. Þessi jaðrakan sást fyrst í Bolungarvík þann 16. ágúst með tvo unga og svo aftur í Önundarfirði 19. ágúst. En hann hefur líklega verið merktur í Frakklandi að sögn Böðvars. Jaðrakanar eru farfuglar og eru nýlegir varpfuglar á Vestfjörðum en eiga vetrarheimkynni á meginlandi Evrópu. *– thelma@bb.is*

28 milljónir eyrnamerktar í stækkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar

Eins og greint hefur verið frá stendur til að endurnýja sjóvarnargarð við flugvöllinn á Ísafirði og stækka öryggissvæði vallarins. Eyrnamerktar hafa verið 28 milljónir til verksins og verður jafnvel hægt að bjóða það út að hluta í vetur. Öryggissvæði vallarins er ekki nógu breitt og stendur til að stækka það eins og hægt er miðað við landfræðilegar aðstæður.

Óskað var eftir áliti hafnarstjórnar og umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar og töldu báðar nefndirnar ekkert athugavert við að ráðist yrði í framkvæmdirnar, með ákveðnum fyrirvörum þó. Þannig vildi hafnarstjórn að kostnaður við breikkun innsiglingar að Ásgeirsbakka sem yrði nauðsynleg í kjölfar framkvæmdanna, félli á framkvæmdaraðila.

Á meðfylgjandi mynd sést hvar stækka á öryggissvæðið og endurnýja sjóvarnargarð og hvernig verkinu verður skipt í áfanga. *– halfdan@bb.is*

Lánar aðeins 50% af þeirri upphæð sem lægst er af markaðsverði, söluverði eða fasteignamati

Lífeyrissjóður Vestfirðinga með þrengsta lánahlutfallið

Með tilkomu nýrra fasteignalána banka og sparisjóða í síðustu viku skapaðist nokkur umræða um misjafnt veðhlutfall landsbyggðarinnar annars vegar og höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar hins vegar. Eins og fram hefur komið í fréttum lána allir bankarnir allt að 80% af markaðsverði fasteignar á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri en aðeins 60% á öðrum landssvæðum. Á heimasíðu eins bankans er það kallað að lánshlutfallið sé hærra þar sem virkur húsnæðismarkaður er og má því skilja sem svo að aðeins á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu sé virkur markaður. Ekki er þó skilgreint hvað virkur markaður er.

Leikmanni gæti t.d. virst fasteignamarkaður á Ísafirði ágætlega virkur ef marka má ummæli fasteignasala að undanförnu. Íslandsbanki sker sig þó úr hvað bankana varðar því á heimasíðu hans kemur fram að á landsbyggðinni sé lánshlutfall allt að 80% af söluverðmæti en það sé ákvörðun útibússtjóra á hverjum stað hversu há lánsfjárhæðin er. Af þessu má ráða að útibússtjórum sé það í sjálfsvald sett hvað þeir telja rétt að hafa lánshlutfallið á hverjum stað.

Þegar rætt er um mismunandi lánshlutfall er fróðlegt að skoða reglur lífeyrissjóðanna sem hafa margir hverjir lánað sjóðsfélögum til húsnæðiskaupa. Valdir voru af handahófi átta lífeyrissjóðir auk Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Allar upplýsingar voru fengnar af heimasíðum þeirra. Þeir sjóðir sem skoðaðir voru eru: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Lífeyrissjóður Suðurnesja, Lífeyrissjóður Norðurlands, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður lækna, Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóður Vestfirðinga.

Strangastar kröfur gerir Lífeyrissjóður Vestfirðinga hvað veðhlutfall varðar. Hann lánar aðeins 50% af þeirri upphæð sem lægst er af markaðsverði, söluverði eða fasteignamati. Lífeyrissjóður Norðurlands leyfir veðhlutfall allt að 50% af markaðsverði. Næst fer Lífeyrissjóður lækna en sá sjóður leyfir veð allt að 65% af markaðsvirði fasteignar. Því virðist sem lífeyrissjóðir á landsbyggðinni geri strangari kröfur en þeir bankar og sparisjóðir sem kynnt hafa lán sín síðustu daga.

Lægsta vexti þurfa sjómenn að greiða eða 4,3% en læknar greiða 4,4%. Hæstir eru þeir 6,25% hjá Lífeyrissjóði Norðurlands og næsthæstir eru vextirnir á Vestfjörðum og Suðurnesjum 6%. Þess skal getið að formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga hefur lýst því yfir að vextir verði lækkaðir á næstu dögum. Svo er einnig um fleiri sjóði. Hvort þeir lækka hinsvegar niður í það sem lægst gerir á eftir að koma í ljós.

Sem kunnugt er eru hin nýju lán banka og sparisjóða til allt að 40 ára. Aðeins Lífeyrissjóður lækna lánar í svo langan tíma. Flestir lána sjóðirnir til 30 ára en Lífeyrissjóður Vestfirðinga treystir sér aðeins til þess að lána sjóðsfélögum sínum til 20 ára sem er stysti lánstími þeirra sjóða sem skoðaðir voru.

Lífeyrissjóður lækna er tilbúinn til þess að lána sjóðsfélögum sínum allt að 10 milljónum króna en aðrir sjóðir mun minna. Lægst er lánaþakið hjá Lífeyrissjóði Norðurlands og Lífeyrissjóði Suðurnesja eða 4 milljónir króna. Hæstu lán má fá hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga 4,17 milljónir króna. Hæst eru lántökugjöld hjá sjóðunum á Norðurlandi og Austurlandi eða 2%. Hjá sjóði Vestfirðinga þarf að greiða 1% en læknar þurfa aðeins að greiða 12 þúsund krónur fyrir lánið sitt.

Það skal áréttað að eðli málsins samkvæmt eru bankar og lífeyrissjóðir ekki sambærilegar stofnanir og starfa eftir ólíkum reglum.

– hj@bb.is

MÍ settur í 35. skipti

Menntaskólinn á Ísafirði var settur í 35. sinn við hátíðlega athöfn á sal skólans á miðvikudag í síðustu viku. Við setninguna flutti Ólína Þorvarðardóttir skólameistari ávarp og bauð nemendur velkomna. Í boði voru skemmtiatriði sem flutt voru af nemendum skólans. Óhætt er að segja að mikil stemmning hafi verið í fullsetnum salnum. Um 430 nemendur verða við nám í Menntaskólanum á Ísafirði þessa önn en þar af eru 106 nýnemar að hefja menntaskólagöngu.

Kvennakirkjan í Holti

Í tilefni af 30 ára vígsluafmæli fyrsta kvenprestsins, sr. Auðar Eir Vilhjálmsdóttur, sem vígðist til Suðureyrar í september 1974, ætlar Kvennakirkjan að heimsækja Friðarsetrið að Holti í Önundarfirði og býður konum á Vestfjörðum til samveru laugardaginn 4. september. Samveran hefst kl. 10 og yfirskrift hennar „Söngur og samvera um kvennaguðfræði í daglegu lífi.“ Þar verður rætt um hvernig kvennaguðfræðin getur búið til undirstöður í lífi hverrar manneskju og verður flétt- að saman fyrirlestrum, gönguferðum, bænum og söngstundum ásamt hádegisverði og síðdegiskaffi. Kl. 17 verður síðan helgistund í Holtskirkju sem öllum er boðið til, jafnt konum sem körlum. Á sunnudagsmorgun verður síðan guðsþjónusta í Suðureyrarkirkju.

Menntaskólinn á Ísafirði orðinn hreinn áfangaskóli

Kennslustundin lengist úr 40 mínútum í 60

Menntaskólinn á Ísafirði verður frá og með þessu hausti hreinn áfangaskóli sem að öllu jöfnu veitir nemendum svigrúm til þess að ljúka stúdentsprófi á 3-6 árum. Þetta kom fram í skýrslu Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara við setningu skólans. Jafnfram kom fram að kennslutilhögun verður með þeim hætti í vetur að tekin verður upp stundaskrá sem gerir ráð fyrir 60 mínútna kennslustundum í stað 40 áður.

Með því móti næst, að sögn Ólínu, betri nýting kennsludagsins og kennslu í dagskóla lýkur fyrr á daginn. Þá sagði skólameistari að bæjarstjórn Ísafjarðar hefði sýnt nemendum skólans þá tilhliðrunarsemi að taka tillit til stundatöflu skólans við tímaáætlun almenningssamgangna við nágrannabyggðir þannig að vagninn sem ekur um Vestfjarðagöng um miðjan dag mun fara frá skólanum kl. 15:10 í vetur, í stað þess að fara kl. 15:00 eins og áður.

Sú breyting verður ennfremur gerð á námsmati nemenda að hin svokallaða 95% regla hefur verið þrengd frá því sem verið hefur. Regla þessi var sett til að auka viðveru nemenda og ástundun. Hún felur það í sér að nemendur sem mæta í 95% kennslustunda, að meðtöldum forföllum, geti komist hjá prófi hafi þeir góða námseinkunn. Reglan hefur borið það góðan árangur að nú þykir tímabært, að mati skólastjórnenda, að þrengja skilyrðin frá því sem verið hefur. Einkunnin sem miðað er við hefur því verið hækkuð úr 8,0 í 8,5 auk þess sem reglan nær ekki lengur yfir lokaáfanga til stúdentsprófs.

– hj@bb.is

Menntaskólinn á Ísafirði.

Deiliskipulag Ísafjarðarbæjar

Endurskoðað í ljósi breyttra aðstæðna

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur beint þeim tilmælum til umhverfisnefndar að hefja beri endurskoðun á deiliskipulagi á hafnarsvæði Ísafjarðar í ljósi breyttra aðstæðna; aukins ferðamannastraums, breytts útgerðamynsturs og fleiri þátta.

Ágúst og Flosi ehf., hefur sótt um lóð nálægt Neðstakaupstað og var á síðasta fundi bæjarráðs ákveðið að gefa þeim kost á lóð vestan við safnahúsin. Í framhaldi af umræðum sem um málið spunnust á fundinum var ákveðið að láta hefja endurskoðun á deiliskipulaginu sem er orðið níu ára gamalt. *– halfdan@bb.is*

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldar eignir eru einungis sýnishorn úr söluskrá okkar, leitið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

Aðalstræti 13: Rúmlega 100 m² íbúð á 1. hæð í tvíbýli ásamt hálfum kjallara og bílskúr.
Engjavegur 15: Rúmlega 100m² íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi. Laus. Verð kr. 5.800.000,- Laust.
Hlíf II: Rúmlega 50m² íbúð á 4. hæð. Laus. Verð kr. 6.500.000,-
Mjallargata 1: 70m² 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð. Verð kr. 6.300.000,-
Stórholt 13: 76 m² íbúð á 3. hæð t.h. Verð kr. 4.600.000,-
Stórholt 13: 3ja herb. íbúð á 3. h. fyrir miðju. Laus fljótlega. Tilboð

Sundstræti 34: Glæsileg 5 herbergja íbúð á 3. hæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi, rúmlega 140 m². Glæsilegt útsýni yfir Sundin og út fjörðinn. Íbúðin er laus. Verð kr. 11.200.000,-

Lyngholt 4: Fallegt einbýlishús, byggt úr timbri 1981, 175m² ásamt 36m² bílskúr. Húsið er laust. Verð kr. 11.400.000,-

BOLUNGARVÍK:

Heiðarbrún 2: Rúml. 140m² einbýlishús ásamt bílskúr.
Hlíðarstræti 24: 145 m² einbýlishús. verð kr. 2.800.000,- Verð kr. 2.800.000,-
Stigahlíð 2: 3ja herb. íbúðir. Verð kr. 1.500.000,-
Ljósaland 2, Bolungarvík: Einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Alls 202,8m². Verð kr. 7.500.000,- Laust.
Ljósaland 6: Rúmlega 250 m² einbýlishús. Verð kr. 2.600.000,- Laust.

SÚÐAVÍK:

Álfabyggð 4: 94 m² einbýlishús úr timbri. Laust. Verð kr. 5.800.000,-

PATREKSFJÖRÐUR:

Aðalstræti 51: 162 m² sérhæð. Laus.
Aðalstræti 120: 146 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Laus. Verð kr. 2.700.000.-
Sigtún 21: 114,6 m² raðhús. Laust. Verð kr. 4.000.000,-

Tilboð 2. – 6. september
1412 kr/kg
30%
afsl. v/kassa
Gourmet
Lambalæri forskt
990 kr/kg
40%
afsl. v/kassa
Bautabúrið
Brauðskinga í bunka
229 kr./kg.
179 kr./kg
Kínakál
499 kr/kg
30%
afsl. v/kassa
Lambasúpukjöt 1. flokkur
2814 kr/kg
40%
afsl. v/kassa
Bautabúrið
Hangiálegg í bunka
639 kr/kg
30%
afsl. v/kassa
Lambahakk
299 kr./kg.
229 kr./kg
Spergilkál
269 kr
199 kr
212 kr.
149 kr
689 kr/kg
45%
afsl. v/kassa
1065 kr
799 kr
Kotasæla 1ætt 500 g
Náttúru-svepppir
box 250 g
Ísfugl - ferskur kjúlli
Bláberja ostakaka
439 kr
99 kr
499 kr
399 kr
Myningur 250 g
Kellogs Special K
419 kr
299 kr
Safe formula
hárnæring
299 kr
199 kr/kg
Kellogs
Special K bars
419 kr
299 kr
Safe Formula
Shampoo
SAMKAUP
–gæði og ferskleiki!
Hafnarstræti 9-13 Ísafirði - Sími 456 5460

Úthlutun lóðar undir bensínstöð á Skeiði í Skutulsfirði

Atlantsolía gerir að skilyrði að ekki verði fleirum veittar lóðir

Atlantsolía, sem sótt hefur um lóð undir bensínstöð á Ísafirði, gerir það að skilyrði fyrir uppsetningu bensínstöðvar að fleirum verði ekki úthlutað lóðum í bænum í þrjú til fimm ár. Þetta kemur fram í bréfi sem félagið ritaði bæjaryfirvöldum.

Stefán Kjærnested framkvæmdastjóri Framkvæmdaráðs, sem séð hefur um lóðarmál Atlantsolíu, staðfesti þetta í samtali við blaðið. Hann segir þetta eðlilegt skilyrði af þeirra hálfu. „Gömlu olíufélögin hafa staðið saman að rekstri bensínstöðvar á Ísafirði í áratugi með þeim árangri sem Ísfirðingar þekkja. Þar er fólk krafið um hæsta bensínverð á landinu þrátt fyrir þennan hagkvæma samrekstur“, segir Stefán.

„Nú þegar við hyggjumst færa út kvíarnar hlaupa allir til og vilja opna stöðvar vestra, þrátt fyrir að hafa haft marga áratugi til þess. Við teljum það ekki ósanngjarnt að við fáum þrjú til fimm ár til þess að koma okkur fyrir á markaði sem aðrir hafa ráðið með samrekstri og samráði í marga áratugi. Með okkar innkomu á markaðinn höfum við tryggt að bensínverð í þeim bæjarfélögum, sem við höfum stöð í, er það lægsta á landinu. Það viljum við einnig gera á Ísafirði. Við hræðumst ekki að keppa við þá stöð sem fyrir er og hefur haft áratugi til þess að treysta sig í sessi. Það þjónar hinsvegar engum tilgangi að vera með fimm stöðvar. Sé það ætlun bæjaryfirvalda höfum við ekki áhuga“, sagði Stefán.

Rís brátt stöð Atlantsolíu við verslunarmiðstöðina Ljónið á Skeiði?


Menntaskólinn á Ísafirði.

35. starfsár Menntaskólans á Ísafirði hafið

Nemendum af suðursvæði Vestfjarða fjölgar mikið

Nemendum af suðursvæði Vestfjarða hefur fjölgað mikið í Menntaskólanum á Ísafirði að því er kom fram í skýrslu Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara við setningu skólans í síðustu viku. Nemendur skólans í vetur verða 430 talsins, þar af 349 dagskólanemar og 80 kvöldskólanemar, sem er um 19 % fjölgun frá síðasta ári. Nýnemar í ár eru 106 talsins. Eins og áður sagði hefur nemum af suðursvæði Vestfjarða fjölgað og um það segir í skýrslu skólameistara:

„Það er sérstakt ánægjuefni að nemendum af suðursvæði Vestfjarða hefur mikið fjölgað í skólanum og því ljóst að hlutdeild Vestfirðinga sjálfra í nemendahópnum fer vaxandi ár frá ári. Þannig á það líka að vera. Menntaskólinn á Ísafirði er æðsta menntastofnun á Vestfjörðum og eini framhaldsskólinn á svæðinu. Hann hefur það yfirlýsta markmið að rækja hlutverk sitt þannig að til fyrirmyndar sé, og ávinna sér þar með þann sess að verða eftirsóttur valkostur fyrir nemendur hvaðanæva að af landinu. Skólinn hefur undanfarin ár verið að feta sig í átt að þessu marki, og verður ekki betur séð en að vel miði.“

Þá hefur starfsmönnum skólans einnig fjölgað nokkuð. Verða þeir nú 50, þar af 10 nýir starfsmenn. Nýir kennarar eru sjö talsins og einnig kemur nýr fjármálastjóri til starfa, sem og bókavörður og námsráðgjafi.

Auknum nemendafjölda og fjölgun í starfsliði fylgja að sjálfsögðu aukin umsvif, að því er kemur fram í skýrslu skólameistara. Er nú svo komið að skólastjórnendur verða að hafa allar klær úti til þess að vel fari um bæði nemendur og kennara í daglegu starfi. Ýmsar endurbætur eiga sér því nú stað á búnaði og húsnæði skólans.

Á heimavist eru nú að hefjast framkvæmdir við endurbætur á suðvestur álmu sem á að ljúka fyrir næstu áramót. Að þeim loknum mun skólinn geta boðið átta rúmgóð eins til tveggja manna herbergi með sturtu og snyrtingu, auk þeirra 24 einsmanns herbergja sem fyrir eru á vistinni. Í bóknámshúsi hefur verið komið upp nýrri vinnuaðstöðu fyrir átta kennara auk þess sem tölvukostur bókasafnsins hefur nú verið stórefldur og bætt við níu tölvum til afnota fyrir nemendur.

– hj@bb.is

Þökkum frábærar móttökur í sumar.
Opnum aftur fyrir veitingar í byrjun sumars 2005

VEG-gisting
Aðalgötu 14 - 430 Suðureyri

Fjórar hestakonur byggja nýtt hesthús í Engidal

Framkvæmdir við byggingu nýs hesthúss í Engidal í Skutulsfirði hófust fyrir um mánuði en fjórar hestakonur standa að byggingunni. „Vestfirskir verktakar eru nú að slá upp grunninum og svo ætlum við sjálfar að reisa húsið, sem er einingahús“, segir Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, dýralæknir og ein af hestakonunum. Áætlað er

að húsið verði tekið í notkun í desember. „Hestarnir fara nú út í haga og verða fram að jólum og við stefnum að því að húsið verði tilbúið fyrir þann tíma“, segir Sigríður. Húsið mun rýma 14 hesta, með hnakkageymslu, gerði og lítilli hlöðu. „Þetta mun taka tíma en þetta á eftir að verða gott hesthús“, segir Sigríður. Auk hennar standa Auður Björnsdóttir, Árný Herbertsdóttir og María Hallgrímsdóttir fyrir byggingunni.

– thelma@bb.is

ritstjórnargrein

Hærra - hraðar - lengra

Ólympíuleikarnir í Aþenu 1896 og 2004 eiga tvennt sameiginlegt: Sigurvegarar voru krýndir lárviðarsveigum og keppni í kúluvarpi fór í bæði skiptin fram á hinum fornfræga velli við rætur Kronoshæða. Annað eiga fyrstu nútíma Ólympíuleikarnir ekki sameiginlegt með Aþenuleikunum, sem hófust með einhverri mestu skrautsýningu í sögu Ólympíuleikanna og slitið var með glæsibrag, að sögn: „Þið hafið unnið“ sagði Jacques Rogge, forseti Alþjóða Ólympíunefndarinnar, við Grikki og bætti við að leikarnir hefðu gengið eins og í draumi.

Í augum íþróttamannsins jafnast ekkert á við Ólympíugullið; enginn sigur er kærari. Og enginn dregur í efa gildi íþrótta og þess háleita markmiðs íþróttamannsins, að komast hærra, hraðar, lengra. En það er ekki sama hvernig það er gert.

Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar um að halda íþróttum utan stjórnmála hafa Ólympíuleikarnir lengst af verið pólitískt bitbein. Baktjaldamakkið innan Alþjóðaólympíunefndarinnar og hrossakaupin og múturnar sem viðgengist hafa í baráttu þjóðanna fyrir að fá að halda leikana er öllum kunnugt.

Þegar forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar lýsti fögnuði sínum yfir Ólympíuleikunum í Aþenu gleymdist að yfir 20 íþróttamenn höfðu verið gerðir brottrækir vegna misnotkunar lyfja og 7 höfðu verið sviptir gullverðlaunum sínum af sömu ástæðu. Kannski voru þeir bara hinir „óheppnu“ og því leið þetta allt hjá eins og fallegur draumur hvar öldungaráðsmenn íþróttaheimsins útdeildu gulli og lárviðarsveigum, virðingarstöðum sínum til áréttingar.

Þótt á engan hátt skuli úr því dregið að ógleymanlegt sé hverjum íþróttamanni að taka þátt í Ólympíuleikum, vakna spurningar að loknum Aþenuleikunum. Hvað réttlætir að þjóðir, sem svo er komið fyrir að stór hluti þegnanna á ekki bót fyrir boruna á sér, skuli henda hundruðum milljarða í skrautsýningar eins í Aþenu? Á inntak ólympíuhugsjónarinnar eitthvað skylt við þetta tildur, til þess eins gert að gefa viðstöddum ógleymanlega kvöldstund? Hvað með þá sem hvergi koma nærri né fá að njóta? Með fullri virðingu fyrir íþróttafólki allra landa: Hvað fær þetta annars ágæta fólk til að taka áhættuna með lyfjanotkun til að bæta árangur sinn og fótum troða æðsta takmark íþróttanna, að rækta heilbrigða sál í hraustum líkama?

Ólympíueldinum í Aþenu var ætlað að bera ást, einingu og von í brjóst þúsundanna, sem tóku við honum að leik loknum. Það er aðeins við okkur sjálf að sakast ef hann slokknar.

s.h.

orðrétt af netinu

Á að banna vændi?

Augljóslega er rangt er að neyða fólk til kynlífs gegn greiðslu á sama hátt og rangt er að neyða fólk til búðarstarfa gegn greiðslu. Það er ekki verknaðurinn sjálfur sem er slæmur heldur þvingunin. Það er hún sem berjast þarf gegn. Kynlíf gegn greiðslu þar sem allir aðilar máls eru samþykkir skaðar engan og á því ekki að vera bönnuð. Þar er um frjálst val einstaklinga að ræða, frjálst val sem okkur ber að virða óháð ríkjandi gildismati meirihlutans á hverjum tíma eða tísku.

Besta leiðin til að sporna við nauðung á tilteknu sviði er að viðurkenna starfsemina og hleypa henni upp á yfirborðið svo að ofbeldi sé ekki lausn samningsbrota heldur eðlileg málsmeðferð fyrir dómsstólum. Ef kynlíf gegn greiðslu væri löglegt dregur einnig mjög úr svonefndu mansali þar sem fyrirtæki í löglegum rekstri geta ekki beitt starfsmenn sína ofbeldi og þvingunum þar sem slíkt er ólöglegt. Samkeppni um vinnuaflið mun svo bæta hag þeirra sem í greininni starfa rétt eins og á öðrum sviðum atvinnulífsins.

frjalshyggja.is – Friðbjörn Orri Ketilsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, sími 863 7655, *halfdan@bb.is* – Halldór Jónsson, sími 892 2132 *hj@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, *thelma@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
ISSN 1670 - 021X

Bensínstöðin á Ísafirði.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar

Gerði ekki tillögu að úthlutun lóðar undir bensínstöð

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar fól formanni sínum að rita bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar bréf þar sem hann tíundaði þær hugmyndir og umræður sem fram komu á fundi nefndarinnar vegna þeirra fjögurra umsókna sem fyrir liggja um lóð til byggingar bensínstöðvar á Ísafirði. Í bréfinu eru ræddar hugsanlegar lóðir þar sem bensínstöðvar gætu risið utan þeirrar einu lóðar sem nú er til reiðu undir slíka starfsemi. Nefndin nefnir ýmsa staði í nágrenni við verslun Bónuss á Skeiði og einnig á eyrinni. Þá nefnir nefndin að til greina gæti komið að láta olíufélögin keppa um þá einu lóð sem þegar er fyrir hendi. Nefndin gerir því ekki tillögu um hvaða olíufélagi verði úthlutað lóðinni á Skeiði. – *hj@bb.is*

Stjórnendur Eyrarskjóls stýra einnig Grænagarði

Stjórnendur leikskólans Eyrarskjóls á Ísafirði hafa gert samkomulag um stjórnun leikskólans Grænagarðs á Flateyri.

Að sögn Ingibjargar Maríu Guðmundsdóttur forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar lét leikskólastjóri Grænagarðs af störfum fyrir nokkru síðan og þrátt fyrir auglýsingar hefur ekki fengist nýr leikskólastjóri.

Þar sem Grænigarður er rekinn eftir svonefndri Hjallastefnu var leitað til stjórnenda Eyrarskjóls sem einnig er rekinn eftir þeirri stefnu. Munu stjórnendur Eyrarskjóls stjórna starfsemi Grænagarðs til áramóta og á meðan verður reynt að ráða nýjan stjórnanda að skólanum.

Leikskólinn Eyrarskjól.

Komur skemmtiferðaskipta til Ísafjarðar

Stefnir í metaðsókn að ári

Næsta sumar er von á lang stærsta skipi sem komið hefur til Ísafjarðar. Skipið ber nafnið Maasdam og er 55 þúsund tonn að stærð og tekur 1600 farþegar auk 580 manna áhafnar. Áætlað er að Maasdam komi til Ísafjarðar þann 11. ágúst á næsta ári.

„Það eru fimmtán skemmtiferðaskip búin að bóka komu sína næsta sumar og það vekur athygli hve mörg þeirra eru stór“, segir Guðrún Guðmannsdóttir hjá Ísafjarðarhöfn. Sjö þeirra munu vera það stór að þau þurfi að liggja við ankeri. Tvö þeirra eru 30 þúsund tonn en einnig mun stærsta skip yfirstandandi sumars, Prinsedam, koma en það er 38 þúsund tonn.

Skemmtiferðaskipið Europa í Skutulsfirði.

„Enn á eftir að bætast við skráningar en næsta sumar lítur út fyrir að slegið verði met í stærð skipanna“, segir Guðrún. Samanlagt eru þau skip sem bókað hafa komu sína að ári liðnu um 325 þúsund tonn en voru 200 þúsund tonn í sumar.

– thelma@bb.is

Hátt í þrjú hundruð ferðamenn komu að Hornbjargsvita yfir hásumarið

Afnot af salerni veitt í stað þess að fólk geri stykki sín út um víðan völl

Alls komu 274 ferðamenn til Látravíkur austan Hornbjargs í Hornstrandarfriðlandi á tímabilinu frá 21. júní til 31. júlí. Á svipuðu tímabili í fyrra var fjöldinn 181, en sumarið 2002 voru ferðalangarnir 247 á tímabilinu. Kemur þetta fram í bréfi sem Ólafur Þ. Jónsson, sem er vel þekktur undir nafninu Óli kommi, sendi bæjarráði Ísafjarðarbæjar. Ólafur, sem lengi var vitavörður í Hornbjargsvita í Látravík, hefur annast landvörslu á svæðinu undanfarin sumur.

„Flestum sem komu var veitt ákveðin þjónusta auk sögulegrar, landfræðilegrar og stjórnmálalegrar uppfræðslu. Var um sífellt kvabb að ræða um að fá að nota salerni hússins. Af tvennu illu var sú þjónusta veitt fremur en að láta fólk gera öll sín stykki út um víðan völl. Gallinn er einkum sá að ekkert vatn er lengur í snyrtiherbergjum hússins svo það verður að sækja annað“, segir Ólafur í bréfi sínu.

Ólafur bætir því við að hann hafi unnið ötullega að viðhaldi hússins og telst til að í það hafi hann eytt 43 stundum í sumar. „Þess skal getið að í fyrra (2003) spurði ég þann sem er yfir svokölluðu vitasviði hjá Siglingastofnun hvort ég ætti ekki að mála og taka í þakið á húsinu enda væri málning á það til á staðnum og er enn. Svarið var þvert nei og mér gert ljóst að stofnunin, eins og maðurinn kallaði sig, hefði engan áhuga á viðhaldi þessa húss og jafnvel ekki vitans heldur. Úr þeirri átt mun því ekki neins að vænta hvað varðar dvöl okkar í Látravík í framtíðinni“, segir Ólafur.

– halfdan@bb.is

Hornbjargsviti.

Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra gerir úttekt á aðstöðu fyrir aldraða á svæðinu

Bolvíkingar vilja reisa hjúkrunaheimili fyrir aldraða á norðanverðum Vestfjörðum

Bolvíkingar vilja reisa og reka hjúkrunarheimili fyrir aldraða á norðanverðum Vestfjörðum. Nýverið lét Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra gera úttekt á aðstöðu fyrir aldraða sem þurfa á dvöl á hjúkrunarheimili að halda á svæðinu. Jón segir enga ákvörðun hafa verið tekin um framhald málsins en fólk frá heilbrigðisráðuneytinu hafi farið vestur á dögunum og rætt óformlega við heimamenn og verið sé að vinna úr niðurstöðum þeirrar ferðar.

Elías Jónatansson, formaður bæjarráðs Bolungarvíkur, sagði í samtali við Sveðisútvarpið að Bolvíkingar séu reiðubúnir að reka hjúkrunarheimili fyrir aldraða enda sé löng hefð fyrir slíkum rekstri í Bolungarvík og auðvitað sé bærinn að leita að nýjum atvinnufyrirtækjum sem skapi fasta vinnu.

Jón Kristjánsson segir að bæta þurfi úr þeirri aðstöðu, sem aldraðir og sjúkir einstaklingar búa við á Hlíf á Ísafirði en hún standist varla kröfur tímans. Þar séu til dæmis fjórir sjúklingar í einu herbergi. Ísfirðingar hafa reyndar hugsað sér til hreyfings og þegar hefur verið teiknuð álma við sjúkrahúsið á Ísafirði fyrir aldraða langlegusjúklinga.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti í vor að huga að byggingu sjúkraheimilis fyrir aldraða og liggur fyrir bæjarráði Ísafjarðarbæjar að skipa í nefnd vegna málsins nú eftir helgina. Hugsanlega eiga byggðasjónarmið og fagleg sjónarmið að takast eitthvað á í sambandi við þessa framkvæmd og auðvelt er að benda á þá aðstöðu sem fyrir er á Ísafirði í nánd sjúkrahúss og endurhæfingarstöðvar. Ekki liggur fyrir af hvaða stærðargráðu slík deild yrði, sem um ræðir, en vafalaust er verið að tala um meira umfang en þörf er fyrir í hvoru sveitarfélagi um sig.

– halfdan@bb.is

Féð leit vel út komið af fjalli. Ljósmynd: Grétar Sigurðsson.

Smalað úr Meðaldal í Dýrafirði

Féð í góðum holdum eftir sumarið

Smalað var úr Meðaldal í Dýrafirði fyrir stuttu og gengu leitir vel að sögn Ástu Kristinsdóttur að Hólum í Dýrafirði. Ekki er komið í ljós með heimtur þar sem enn á eftir að smala fé úr Haukadal og Keldudal.

„Þessi smölun kom nokkuð óvænt þar sem ákveðið var að senda fé í sumarslátrun á Blönduós, en það fæst víst meira fyrir það nú en á haustin.“ Aðspurð segir hún þetta vera í fyrsta skipti sem bændur á Hólum senda fé í sumarslátrun, en alls verða um 230 lömb leidd til slátrunar að þessu sinni.

Eins og fram kom á bb.is fyrir stuttu kvörtuðu bændur í Engidal í Skutulsfirði yfir lélegri grassprettu vegna þurrka og óttast að fé komi rýrt af fjalli. Sú er þó ekki raunin hjá Ástu og segir hún féð í góðum holdum. „Það er búið að vigta allt og meðalþyngdin er um 40 kíló, sem þýðir að skrokkurinn verður um það bil 14 kíló eftir slátrun“, sagði Ásta Kristinsdóttir í samtali við blaðið.

– halfdan@bb.is

Bjóðum í það sem í boði er

– segir Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins KNH ehf. á Ísafirði sem hefur stækkað hröðum skrefum að undanförnu

Landslag tekur sjaldnast miklum breytingum, nema ef vera skyldi fyrir mannanna verk. Undanfarna mánuði hefur mynd Skutulsfjarðar tekið stórstígum breytingum með tilkomu snjóflóðavarnargarðs á Seljalandsmúla. Þar hafa menn og vélar rutt upp miklu ferlíki, sem ætlað er að vernda það sem neðan garðanna er fyrir hugsanlegum snjóflóðum. Flestir hafa skoðanir á þessu risavaxna mannvirki. Hvort sem að mönnum líkar það betur eða verr þá sýnir mannvirki þetta mjög vel hvernig mannskepnan getur gengið fram í náttúrunni sér til hagsbóta, ef þurfa þykir. Því vilja þeir sem mannvirkið hönnuðu í það minnsta trúa. Við Grænagarð á Ísafirði hafa athafnasamir menn í gegnum árin sett niður fyrirtæki sín. Á ýmsu hefur þar gengið eins og annars staðar, þar sem mennirnir ráða för. Að undanförnu hafa umsvifin á Grænagarði aukist hröðum skrefum. Þar má oft sjá staðsettar vinnuvélar af ýmsum stærðum og gerðum. Flestar þó stærri en við höfum átt að venjast hér um slóðir. Þarna á snjóflóðahættusvæðinu hefur fyrirtækið aðsetur sem reist hefur snjóflóðavarnargarðinn á Seljalandsmúla. Skrítin tilviljun það. Og með stækkandi garði hefur fyrirtækið einnig stækkað. Forsvarsmenn þess hafa að undanförnu lagt til atlögu við stærstu verktakafyrirtæki landsins á vígvelli útboðanna. Sigurður Óskarsson er einn af eigendum KNH ehf, og framkvæmdastjóri þess. Blaðamaður tók hús hjá honum í nýendurbyggðu íbúðarhúsinu á Neðri-Grænagarði þar sem skrifstofur KNH eru nú til húsa. Verktakafyrirtækið KNH ehf. varð til fyrir skemmstu við sameiningu þriggja fyrirtækja. Sigurður var því fyrst beðinn að segja frá því hvaða fyrirtæki það voru sem mynda hið nýja.

„Það var okkar gamla fyrirtæki, Kubbur ehf á Ísafirði, Norðurtak á Sauðárkróki og Höttur í Hrútafirði. Starfsmenn þessa sameinaða fyrirtækis eru í dag 48 talsins og höfuðstöðvar þess eru hér á Ísafirði. Með þessari sameiningu vorum við fyrst og fremst að búa til fyrirtæki, sem væri í stakk búið til þess að bjóða í öll helstu verk á útboðsmarkaði á landinu. Það hefur tekist því í dag erum við að taka þátt í öllum þeim útboðum sem við teljum áhugaverð. Samt er það nú þannig að við höfum verið í frekar smærri verkum í sumar. Við höfum misst mjög naumlega af nokkrum mjög stórum verkum, sem boðin hafa verið út að undanförnu.“

Upphafið

„Starfsemi okkar má rekja til ársins 1996 þegar við Sævar Hjörvarsson festum kaup á steypustöðinni á Grænagarði. Það leist ekki öllum vel á blikuna þegar við gerðum það og ennþá síður þegar við stofnuðum verktakafyrirtækið Kubb. Menn töldu það óðs manns æði að fara í verktakaiðnaðinn eins og þá var ástatt. Ég man nú satt að segja ekki hvenær mönnum hefur litist vel á þann iðnað. Hann hefur alltaf haft það orð á sér að vera sveiflukenndur og vissulega er hann það. Það var síðan árið 2001 sem Stígur Arnórsson kom til liðs við okkur og við rákum Kubb saman þar til fyrirtækið var sameinað þeim tveimur fyrirtækjum sem ég nefndi áðan.“

– Hvar eru ykkar stærstu verk í dag?

„Í dag má segja að stærstur hluti okkar starfsemi sé utan Vestfjarða. Við erum að byrja á verki í Kjósarskarði og síðan erum við með verk í Vatnsdalnum sem er langt komið. Stórt verk erum við með í undirbúningi á Bíldudal í tengslum við kalkþörungaverksmiðjuna sem þar á að rísa og síðan fengum við nú á dögunum mjög stórt verk í Borgarfirði. Þar erum við að hefjast handa við undirbúning. Þegar við erum farnir að slást um stærstu verkin þá dreifist starfsemin óhjákvæmilega um landið. Þrátt fyrir að við séum í dag með okkar stærstu verk utan Vestfjarða getur það breyst á skömmum tíma.“

– Er ekki heilmikið mál að senda alla þessa menn og tæki út og suður og halda utan um það hverju sinni?

„Tíminn svo afstæður í þessu. Sem dæmi má nefna að við erum fljótari héðan í Kjósarskarð en í verk sem við erum að vinna við á Drangsnesi. Það skapast auðvitað af því að héðan fljúgum við til Reykjavíkur, sem tekur stuttan tíma. Það tekur hins vegar nokkra klukkutíma að keyra héðan til Drangsnes, þannig að svona geta nú hlutirnir verið misjafnir. Þegar upp er staðið er dýrara að fara á Drangsnes, sem tilheyrir Vestfjörðum, þegar allt er talið.“

Flestir starfsmenn að vestan

– En þessir 48 starfsmenn, eru þeir allir héðan að vestan?

„Já, það eru flestir starfsmenn okkar héðan. Síðan höfum við ráðið menn til vinnu sem búa í nágrenni við vinnusvæðin okkar hverju sinni. Nú erum við til dæmis að undirbúa verk á Bíldudal og ég reikna með því að ráða nokkra menn þaðan, í vinnu þar. Mannahaldið er misjafnt eftir verkstöðu á hverjum tíma en fasti kjarninn hefur verið nokkuð stöðugur. Það er síðan misjafnt hversu vel menn halda það út að vinna við svona úthald, sem verktakastarfsemin er. Við vinnum ellefu daga í einu, frá mánudegi til fimmtudags í vikunni á eftir. Þá förum við heim í frí. Á hverjum degi er unnið frá sjö á morgnana til sjö á kvöldin. Þegar við erum að vinna í burtu vilja menn jafnan vinna lengur á kvöldin, því sannleikurinn er sá að það er nú ekki mikið við að vera þegar vinnu lýkur á kvöldin. Þetta er ósköp svipað og að vinna á togara hvað það varðar. Það eru ekki allir hrifnir af því. Sérstaklega í þessum stærri og lengri verkum, lengra í burtu. Þá hefur maður fundið að það kemur þreyta í menn á þessum löngu útilegum.“

– Þú nefndir áðan að þið hefðuð verið þrír eigendur að Kubbi. Hverjir eru eigendur hins nýja sameinaða fyrirtækis?

„Við erum sex eigendurnir. Við þrír frá Ísafirði, ég, Sævar Hjörvarsson og Stígur Arnórsson. Síðan eru feðgarnir Rögnvaldur Árnason og Árni Jón Rögnvaldsson, sem áttu Norðurtak og Gísli Jósepsson eigandi Hattar í Hrútafirði. Endanleg eignaskipting er nú ekki að fullu frágengin að lokinni sameiningu.“

– Hver var samanlögð velta fyrirtækjanna á síðasta ári?

„Hún var á áttunda hundrað milljónir, þar af um fimm hundruð milljónir hjá Kubb. Veltan hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Stærsta verkið hingað til er snjóflóðagarðurinn við Seljalandsmúla og einnig var verk sem við fengum í Skötufirði nokkuð stórt. Snjóflóðagarðurinn er okkar þægilegasta verk þar sem við erum með það við bæjardyrnar.“

Bjóðum í það sem í boði er

– Þú ert því hrifinn af þessum snjóflóðavörnum sem verið er að byggja?

„Ég vil nú sem minnst segja um það. Við bjóðum bara í þau verk sem í boði eru. Það segir ekkert um það hvernig okkur fellur við verkin sem slík. Ég segi það samt hiklaust að það á frekar að verja en að kaupa upp húseignir. Frágangur mála í Hnífsdal í kjölfar uppkaupa hefur verið öllum til skammar. Þar þarf að taka til hendi og slétta það svæði þannig að það sé ekki þetta opna sár. Það er forkastanlegt hvernig allt hefur rekið á reiðanum þar á undanförnum árum.“

– Þú nefndir áðan að þægilegustu verkin væru þau sem þið væruð með hér við bæjardyrnar. Hver heldurðu að verði helstu verkefni framtíðarinnar hér í fjórðungnum?

„Það eru mörg stór verkefni í uppsiglingu í snjóflóðavörnum víða um fjórðunginn. Síðan eru vegamálin hér þannig að við verðum að trúa því að þar verði verulega myndarlega tekið á málum á næstu árum. Hvort að við komum til með að sinna þeim verkum, sem hér verða unnin ræðst auðvitað af því hvernig við stöndum okkur í útboðum. Við höfum verið rétt yfir lægsta boði

nokkrum sinnum og ég trúi því að við förum að fá fleiri verk. Stærsta verkið sem við höfum boðið í var stíflugerðin við Kárahnjúka. Þar vorum við rétt yfir lægsta boði. Við hefðum hinsvegar leyst það vel af hendi hefðum við verið lægstir.“

Sjáum sex mánuði fram í tímann

– Nú gera öll þessi útboð það að verkum að verkstaðan sveiflast mjög mikið. Einn tímann eru menn með mikið af verkum og annan tíma er minna. Hvað eruð þið með verk langt fram í tímann í dag?

„Í dag höfum við verk sex mánuði fram í tímann. Það þykir bara nokkuð gott í þessum iðnaði. En hinu megum við ekki gleyma að það er mjög fljótt verið að kippa fótunum undan starfsemi sem þessari. Það getur gerst á örfáum mánuðum ef ekki er rétt á spilum haldið. Við verðum ávallt að vera á tánum og fylgjast vel með. Það má aldrei slá slöku við.“

– Nú hefur verið rætt mikið um þenslu í kjölfar stórframkvæmdanna fyrir austan. Ef það væri rétt ættu útboð að endurspegla það í hækkandi verðum. Nú hafa stór verk að undanförnu verið að fara töluvert undir kostnaðaráætlun og þá sérstaklega eystra. Eru menn nokkuð að hagnast á þessum miklu verkum fyrir austan?

„Nei það held ég ekki. Það sem verra er að þrátt fyrir þessi gríðarlegu verk hefur ekkert slaknað á samkeppninni. Við erum ennþá að sjá gríðarlega stór verk fara á 50-60 % af kostnaðaráætlun. Taugaveiklunin í kringum þessar framkvæmdir er alveg rosaleg. Það hafa verið að koma fjarstæðukennd tilboð, en við því er víst ekkert að gera.“

Draugagangur í kerfinu

– Nú hafið þið verið að takast á við stór og þekkt fyrirtæki í verktakaiðnaðinum. Eruð þið, þessir nýju aðilar, litnir hornauga?

„Það hefur nú gengið á ýmsu. Við urðum varir á sínum tíma við smá draugagang í Framkvæmdasýslu ríkisins en það lagaðist fljótt. Um leið og þú sýnir að þú ert traustsins verður þá breytist viðhorf verkkaupa.“

– Eitt er það sem oft er nefnt á nafn í kringum útboð en það eru aukaverk. Hvað eru þau stór hluti einstakra verka þegar upp er staðið?

„Það er ekkert óeðlilegt við að greiðslur fyrir aukaverk séu um 15-20 % af heildarkostnaði við hvert verk. Þrátt fyrir að hönnuðir vinni sína vinnu vel, sjá menn einfaldlega ekki allt fyrir. Því er það óhjákvæmilegt að eitthvað bætist við. Þetta heita nú einu sinni áætlanir. Við komum að landssvæði sem menn geta ekki þekkt út í hörgul. Menn geta einfaldlega ekki séð allt fyrir. Aukaverkin verðum við verktakarnir líka að passa vel uppá. Að fá greitt fyrir það sem við gerum. Um það snýst þetta.“

– Nú eruð þið þrír eigendurnir hér á Ísafirði. Þið starfið allir við fyrirtækið í dag. Hvernig skiptið þið með ykkur verkum?

„Ég hef frá upphafi verið framkvæmdastjóri fyrirtækjanna okkar og sinnt útboðsmálum og þessum daglega rekstri. Sævar og Stígur hafa stjórnað hverju verki fyrir sig útá stöðunum. Þannig hefur þetta gengið og gert það vel. Við reynum að halda yfirbyggingu í algjöru lágmarki.“

– Þú nefndir áðan að þið kaupið í upphafi steypustöðina á Grænagarði og hafið rekið hana síðan. Hvernig hefur sá rekstur gengið að undanförnu?

„Sú starfsemi er eiginlega orðin áhugamennska hjá okkur. Hún er orðin það lítill þáttur í heildarrekstrinum að hún skiptir ekki lengur neinu máli, þannig séð. Við erum að steypa á einu ári það sem steypt er á einum degi í stöð á höfuðborgarsvæðinu. Ég sé ekki að það komi til með að breytast á næstunni, því miður. Við höfum reynt af fremsta megni að sinna þörfum markaðarins þrátt fyrir að hafa lítið sem ekkert uppúr því.“

Mjög ánægðir með afkomuna

– Hvernig hefur afkoman verið hjá ykkur í gegnum árin? Við erum mjög ánægðir með afkomuna. Við kvörtum ekki. Við fjármögnum okkar tæki eins og önnur atvinnutæki. Við kaupum flest okkar tæki með þeim skilmálum að sé sem fjármagnar kaupin tekur þau til baka að einstökum verkum loknum. Við fjárfestum t.d. í tækjum eingöngu fyrir gerð snjóflóðagarðsins. Þau hafa nú mörg hver verið seld aftur. Aðalatriðið í þessum rekstri, eins öðrum rekstri, er að þú verður að sýna árangur til þess að fá fyrirgreiðslu. Það er lykilatriðið. Það höfum við gert. Við höfum verið að skila verkum á réttum tíma og án eftirmála. Það hefur auðvitað hjálpað okkur. Ef þú lendir hinsvegar í basli með verk þá er það fljótt að skila sér. En eins og ég sagði áðan þá eru svona fyrirtæki fljót að hverfa ef engin eru verkefnin. Það segir sig sjálft. Við ætlum okkur að sækja í þau verk sem bjóðast og fyrirtækið mun taka mið af því.“

– Nú hefur starfsemi ykkar vaxið hröðum skrefum að undanförnu. Hefur þessi vöxtur ekki kallað á töluverðar breytingar frá því sem áður var. Þurfið þið ekki að hafa í ykkar þjónustu her verkfræðinga við útboðsvinnu?

„Nei við höfum séð um flesta þá hluti sjálfir, en kaupum síðan þá tækni- og verkfræðiþjónustu sem við þurfum hverju sinni. Við höfum reynt að hafa yfirbygginguna sem minnsta og reynt að kaupa sem mest að. Það hefur komið betur út fyrir okkur.“

– Aðeins að þér sjálfum. Hvað varð til þess að þú, flutningabílstjórinn, fórst í þennan rekstur?

„Það var nú eiginlega tilviljun. Þetta var hugmynd sem kviknaði hjá okkur Sævari. Við höfum verið vinir frá því við vorum púkar. Okkur datt bara í hug að kaupa steypustöðina og hér erum við í dag.“

– Nú varstu í mörg ár að keyra með þeim nafntogaða bílstjóra Ármanni Leifssyni. Það gengu nú ýmsar sögur um þessa stétt manna á þeim tíma. Það eru nú kannski sögur sem fæstar eiga erindi í blaðið. En var ekki erfitt starf að keyra flutningabíl á þessum árum?

„Jú, en þetta starf hefur gjörbreyst á nokkrum árum. Þetta er orðið allt annað starf en það var hér áður fyrr. Nú er ég kannski farinn að tala eins og gamall maður fullur af kallagrobbi en þetta er bara staðreyndin. Nú mátt þú ekki aka nema ákveðinn tíma á sólarhring þannig að álagið er miklu minna en það var. Síðan hefur flutningsmátinn breyst mikið. Nú eru nánast allir flutningar komnir á vegina. Það er auðvitað gríðarleg breyting.“

Vegirnir ekki gerðir fyrir alla flutningana

– Eru vegirnir gerðir fyrir þessa miklu flutninga?

„Nei alls ekki. Það er langt frá því. Það er verið að misbjóða mjög vegakerfinu með þessum miklu flutningum. Þá á ég sérstaklega við vegina hér vestra. Við erum skelfilega langt á eftir öðrum í þessum málum. Það eru betri vegir upp að sveitabæjum á Suðurlandi og í Borgarfirði, en sjálfur þjóðvegurinn hér vestur. Þetta nær auðvitað engri átt. Við verðum að fá sambærilega vegi og aðrir borgarar þessa lands. Hér vestra var skorið niður í vegaframkvæmdum á þjóðvegum um 190 milljónir króna á þessu ári, ef ég man rétt. Á sama tíma fór í gang verk upp við Húsafell í Borgarfirði sem auðvitað er ekkert annað en sveitavegur. Það verk kostaði um 90 milljónir króna. Þetta sýnir betur en margt annað hversu aftarlega við erum á merinni hér fyrir vestan í samgöngumálum. Þessi vegur sem verið var að laga í Húsafelli var fullboðlegur fyrir þá umferð sem þar fer um.“

– Þér finnst það ekki hafa verið rétt ákvörðun að færa alla flutninga á vegina?

„Nei það var engan veginn tímabært. Við höfum séð mikla hækkun á flutningsgjöldum í kjölfarið sem sjaldnast er talað um. Það er gríðarlegur kostnaður sem lagður hefur verið á landsbyggðarfólk með þessum breytingum.“

– Nú erum við að tala um mál sem sífellt eru til umræðu hér vestra. Í umræðunni hefur verið hvort fara eigi Djúpið suður eða stefna á vesturleiðina. Hvað segir verktakinn um þessa umræðu?

Skynsemi fremur en óskhyggja

„Við verðum að nálgast þessi mál meira af skynsemi en óskhyggju. Við verðum að klára það sem við erum byrjuð á, áður en við förum í nýjar framkvæmdir. Í fyrsta lagi þurfum við að koma fólki við Djúp á boðlegum vegi suður eins fljótt og hægt er. Það gerum við best með því að fara Djúpið og nýta hina miklu samgöngubót sem brúin yfir Gilsfjörðinn er. Það er ekki forsvaranlegt hversu lítið það mannvirki hefur verið notað, vegna þess að það hefur ekki verið samfella í vegagerðinni. Það þarf líka að klára veginn um Barðaströnd þannig að fólk komist leiðar sinnar á því svæði. Hvort að síðan í framtíðinni koma göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og ennþá lengra, skal ég ekki um segja. Það sjá það hinsvegar allir að það er mjög langt í þau mannvirki. Miklu lengra heldur en við getum beðið með aðra samgöngukosti. Við verðum að drífa okkur um Arnkötludalinn sem fyrst. Ég er hræddur um að vegur um Dynjandisheiði verði aldrei nægilega öruggur til þess að svara þeim kröfum nú eru gerðar í samgöngum. Við verðum að reyna að forðast heiðarnar eins og hægt er. Flóknara er það nú ekki. Því færri sem heiðarnar eru, því betra. Ég vil ítreka að það er bara óverjandi að nota ekki Gilsfjarðarbrúna meira en gert er. Við fáum því miður ekki allt í einu. Við verðum að klára aðal leiðirnar á hvorum stað fyrst. Það er aðalatriðið.“

Þar með er verktakinn rokinn. Bíldudalur bíður. Sigurður hefur ásamt samstarfsmönnum sínum breytt mörgu í umhverfinu hér um slóðir að undanförnu. Fáir verktakar eru velkomnari en þeir sem færa fjöll og vegi. Vonandi auðnast þeim að búa til marga nýja vegi. Og göng líka. Og vonandi þurfa þeir ekki að fara langt til þess. Það er nú í lagi að láta sig dreyma stundum.

– Halldór Jónsson.

Fyrirtæki til sölu!

Gríptu tækifærið, mikill uppgangur framundan!

Til sölu er fyrirtækið Thorsteinsson ehf. Um er að ræða verslunar- og ferðaþjónustufyrirtæki í fullum rekstri, ásamt lager, viðskiptavild, samningum og öðru tilheyrandi.

Upplýsingar veita Ívar Örn Hauksson og Unnur Sigurjónsdóttir í símum 867 4542, 456 2328 og 456 2370.

Thorsteinsson ehf., / Við höfnina

Framkvæmdir eru hafnar við gerð bílaplansins á Kirkjubólshlíð.

Vegagerðin útbýr bílaplan við áningarstað á Kirkjubólshlíð

Planið hugsanlega notað til að vigta vörubíla

Bílaplan sem unnið er að á Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði er ekki einungis hugsað sem áningastaður ferðalanga, heldur verður það hugsanlega einnig notað til vigtunar á vöruflutningabílum. „Planið er fyrst og fremst hugsað sem áningastaður og bílaplan fyrir almenning, en það er þó hannað með það fyrir augum að hægt sé að nota það sem vigtunarplan. Vogir sem við eigum til þessara mælinga eru færanlegar og hugsanlega verður þessi staður einn af mörgum vigtunarstöðum í Ísafjarðardjúpi“, segir Geir Sigurðsson hjá Vegagerðinni á Ísafirði.

Geir segir of þunga vöruflutningabíla ekki vera vaxandi vandamál á Vestfjörðum, heldur hafi þróunin frekar verið í hina áttina. „Þeir aðilar sem standa í þessum flutningum passa upp á þyngdina. Þó kemur fyrir í undantekningatilfellum að bílar eru of þungir.“

Aðspurður segist Geir þó hafa áhyggjur af vaxandi umferð vöruflutningabifreiða um Ísafjarðardjúp í kjölfar ákvörðunar Eimskipa um að leggja af áætlunarflutninga á skipum og notast við bíla í staðinn.

„Það eru vegkantar inni í Djúpi sem eru veikir. Mestar áhyggjur höfum við af vegkaflanum sem verður eftir með óbundnu slitlagi í haust, frá Hörtná í Mjóafirði að gatnamótum í norðanverðum Ísafirði. Við lentum í vandræðum með þennan kafla síðasta vetur þegar hafði verið þýða og frost á víxl“, segir Geir Sigurðsson hjá Vegagerðinni á Ísafirði.

Enn rýmingarskylda á Seljalandshverfi þrátt fyrir varnargarðinn

Enn er rýmingarskylda í Seljalandshverfi í Skutulsfirði þrátt fyrir að framkvæmdum við snjóflóðavarnargarð þar sé lokið. Þó þýðir það ekki að hætta sé á snjóflóðum en enn á eftir að gera hættumat eftir að garðurinn kom upp. „Það er ekki hægt að útiloka að rýmingu verði beitt ef til þess kæmi að hætta væri metin svo mikil en líkur á því eru afar litlar og fólk tekur áhættu af einhverju tagi hvar sem það býr“, segir Sigurður Mar Óskarsson bæjartæknifræðingur Ísafjarðarbæjar. Tímasetning hættumats verður ákveðið á næsta fundi hættumatsnefndar sem haldinn verður innan skamms. Unnið er að mati vegna Þingeyrar, Suðureyrar og Kirkjubólshlíðar. Þá á einnig eftir að staðfesta endanlega hættumat fyrir Flateyri sem kynnt var fyrr í sumar en vegna sumarleyfa hefur dregist að klára það mál.

– thelma@bb.is

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar

Taka beri tillit til fjölda menningarviðburða

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar telur að taka eigi tillit til fjölda menningarviðburða á samstarfssvæðum þegar skipað verður í menningarráð á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga eins og til stendur að gera. Í samstarfssamningi sveitarfélaga á Vestfjörðum stendur: „Skipað verður í menningarráðið á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga. Í ráðinu sitja tveir fulltrúar frá hverju samstarfssvæði um menningarmál.“

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar vill breyta orðalaginu í: „Í ráðinu skulu sitja níu fulltrúar; tveir frá Ströndum og Reykhólum, tveir fulltrúar frá Vestur-Barðastrandarsýslu , tveir fulltrúar frá Ísafjarðarbæ, einn fulltrúi úr Bolungarvík og einn fulltrúi frá Súðavík. Auk þess tilnefni Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða einn fulltrúa“, eins og segir í athugasemdum nefndarinnar við samstarfssamninginn.

„Menningarnefnd telur ekki skipta máli að skilyrða að fulltrúar í menningarráðinu komi jafnt úr menningargeiranum og pólitíkinni. Samstarfssvæðunum á að vera frjálst að velja þá einstaklinga sem þeir telja henta best“, segir ennfremur í athugasemdum nefndarinnar.

– halfdan@bb.is

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Vegna mikillar sölu á stærri eignum undanfarið vantar okkur eignir á söluskrá. Mikið er spurt eftir einbýlis- og raðhúsum í Holtahverfi sem og stærri eignum á eyrinni.

Einbýlishús

Garðavegur 1: 97 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð ásamt 44 m² bílskúr, mikið endurnýjað. **Verð 7,9 m.kr.**

Brautarholt 4: Steinsteypt 140 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34 m² frágengnum bílskúr. **Verð 14,9 m.kr.**

Bakkavegur 4b: 100 m² lítið einb.hús, að hluta uppg. ásamt nýrri viðbyggingu. **Verð 3,5 m.kr**

4-6 herbergja íbúðir:

Silfurgata 6: fimm herbergja íbúð á 2.hæð ásamt geymslum í kjallara, samtals 212 m². **Verð 8,2 m.kr.**

Hlíðarvegur 45: 100 m² íbúð á 2.hæð í fjórbýlishúsi ásamt 25 m² bílskúr. **Verð 8,5 m.kr.**

Aðalstræti 12: 129 m² íbúð á tveimur hæðum með kjallara í tvíbýlishúsi. **Verð 7,9 m.kr**

Stórholt 13: 103 m² fjögurra herbergja íbúð á 3.hæð ásamt 21 m² bílskúr og geymslu. **Tilboð óskast**

Sólgata 8: 101 m² íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi með aukaherb. í kjallara. **Verð 7,0 m.kr.**

Stórholt 7: 116 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. **Verð 8 m.kr.**

Túngata 12: 99 m² íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og garði. **Verð 7,9 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólffl., mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 3,2 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**

Aðalstræti 17: 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. **Verð 7,5 m.kr.**

2ja herbergja íbúðir:

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4 m.kr.**

Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4,6 m.kr.**

Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**

Atvinnuhúsnæði:

Árnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarsvæði. Stórt og rúmgott smiðaverkstæði með skrifstofuaðstöðu. **Tilboð óskast**

Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. **Verð 25 m.kr.**

Suðurtangi 2: 210 m² trésmíðaverkstæði á einni hæð ásamt geymslulofti. **Verð 4,5 m.kr.**

Bolungarvík:

Traðarstígur 7: 108 m² einbýlishús með garðskála og 36 m² bílskúr. **Tilboð óskast.**

Vitastígur 8: 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgert. **Verð 8,5 m.kr.**

Vitastígur 19: 73,1 m² 3ja herb. íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16m² bílgeymslu. **Tilboð óskast.**

Stigahlíð 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

Sumarbústaðir:

Sumarbústaður til flutnings: 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði, 3 herbergi, stofa, eldhús og svefnloft. **Tilboð óskast.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Þrír sérfræðingar í rannsóknaleiðangri á Vestfjörðum

Birkifeti og birkivefari valda áberandi skemmdum á bláberjalyngi

Mjög áberandi skemmdir eru á bláberjalyngi í Bolungarvík og vafalítið víðar á Vestfjörðum. Þetta er mat þeirra Guðmundar Halldórssonar skordýrafræðings, Halldórs Sverrissonar plöntusjúkdómafræðings og Aðalsteins Sigurgeirssonar skógerfðafræðings, en þeir eru nú í rannsóknarleiðangri á Vestfjörðum.

„Við höfum verið að skoða almennt ástand á trjágróðri og skemmdir á bláberjalyngi sem virðist mjög áberandi á þessum slóðum. Við skoðuðum dalina inn af Bolungarvík og sáum mikið af skemmdum eftir birkifeta og birkivefara sem eru tvær lirfutegundir sem valda þessum rauða lit sem er á lynginu“, segir Guðmundur Halldórsson.

Sérfræðingarnir ferðast um Vestfirði á vegum Skjólskóga. „Auk þess að skoða bláberjalyng ætlum við að rannsaka áhrif sitkalúsafaraldurs sem geisaði í fyrra á tré á svæðinu“, segir Guðmundur.

– halfdan@bb.is

Guðmundur, Halldór og Aðalsteinn.

Lyngbrekkur eru víða orðnar brúnar en það getur verið af völdum birkifeta og þurrka.

Snemma haustar á Vestfjörðum í ár

Útlit er fyrir því að það muni hausta snemma á Vestfjörðum þetta árið. „Gróður er byrjaður að haustlita sig en það eru eðlileg viðbrögð við þurrki og skordýraplágum“, segir Sæmundur Þorvaldsson, forstöðumaður Skjólskóga á Vestfjörðum. Miklir þurrkar hafa verið á Vestfjörðum en einnig herjar fiðrildalirfa, sem nefnist Birkifeti, á fjalldrapa og aðalbláberjalyng. Lirfan fer á kreik um miðjan júlí og leggst einkum á bláberjalauf. „Birkifeti eyðilagði víða berjauppskeruna í fyrra og meðal annars voru Önundarfjörður og Dýrafjörður orðnir rauðir af völdum lirfunnar mjög snemma“, segir Sæmundur. „Einnig hófst gróðurspretta mjög snemma í ár og hefur því gróður sums staðar lokið líftíma sínum“, segir Sæmundur. Samspil þessara þriggja þátta veldur því að fyrr fer að hausta en ella á Vestfjörðum.

– thelma@bb.is

Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn grjóthruni ofan byggðar á Ísafirði

Sprengingar á grjóti hefjast innan tíðar

Í vor samþykkti Ofanflóðasjóður að styrkja Ísafjarðarbæ til fyrirbyggjandi aðgerða gegn grjóthruni ofan byggðar á Ísafirði og Suðureyri. Ætlunin er að hreinsa úr hlíðunum grjót sem talist getur hættulegt.

Sigurður Mar Óskarsson, forstöðumaður tæknideildar Ísafjarðarbæjar, segir að fyrirhugað hafi verið að vinna verkið í sumar en ákveðið hafi verið að fresta því til haustsins. Hann segir að undanfarið hafi verið unnin undirbúningsvinna ofan Suðureyrar og slík vinna fari af stað ofan Ísafjarðar á næstunni. Að því loknu hefjist hreinsunin sem felst að mestu leyti í því að hættulegt grjót verður sprengt.

Sigurður segir að verkið verði að mestu unnið af starfsmönnum sveitarfélagsins með aðstoð sérfróðra manna í sprengitækni. Verk sem þetta hefur verið unnið áður ofan þessara staða og gekk sú vinna vel að sögn Sigurðar Mar.

– hj@bb.is

Framnesi ÍS lagt tímabundið

Áhöfn skipsins sagt upp störfum

Til stendur að leggja Framnesi ÍS, skipi Hraðfrystihússins – Gunnvarar, tímabundið um og eftir jól. Áhöfn skipsins verður sagt upp störfum, en vonast er til þess að allir skipverjar fái vinnu á öðrum skipum félagsins.

„Það er ekkert verið að leggja skipinu fyrir fullt og allt“, segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri fyrirtækisins. „Við erum bara að lengja í jólastoppinu út af ganginum í rækjunni. Þessi tími yfir háveturinn er erfiður í þessari veiði og það þarf ekki að minnast á það hvernig olíuverðið hefur verið að þróast.“

Sverrir vill ekki segja hversu langt stoppið verður, en er vongóður um að öll áhöfn Framnessins fái vinnu á öðrum skipum félagsins. Sjö eru í áhöfn á Framnesi. „Ef Stefnir fer á fiskitroll eins og stefnt er að, tvöfaldast fjöldi skipverja á honum“, segir Sverrir.

Landsbankahlaup á Ísafirði

föstudaginn 3. september kl. 17:00

Landsbankahlaup verður á Ísafirði fyrir alla krakka á aldrinum 9-15 ára. Skráning er í Landsbankanum.

Hlaupið verður frá Landsbankaplaninu þar sem hitað verður upp með skemmtiatriðum frá kl. 16:30.

Að hlaupi loknu og verðlaunaafhendingu verða grillaðar pylsur fyrir keppendur og aðstandendur.

Við hvetjum alla krakka á þessum aldri til þátttöku og taka foreldrana með í fjörið.

Starfsfólk Landsbankans Ísafirði, sími 410 4156

Landsbankinn

Smáauglýsingar

Haglabyssa óskast. Upplýsingar í síma 848 4360.

Til sölu er nýr 10 feta plastbátur. Íslensk smíði. Gott verð. Uppl. í síma 892 1688.

Til sölu er VW Passat Comfortline, árg. 1998, ekinn 131 þús. km. Beinskiptur, vetrardekk á felgum fylgja. Uppl. gefur Inga Maja í síma 864 5481.

Hef áhuga á að kaupa lítið notaðan riffil, ekki og stóran. T.d. fyrir 22 LR eða Hornet skot. Haglabyssa er einnig á óskalistanum. Upplýsingar í símum 892 0854 eða 456 7109.

Til sölu er lítil plasttrilla, 5 metra löng með 12hp díselvél. Uppl. í síma 892 1688.

Til leigu er 2ja herb. íbúð miðsvæðis á Ísafirði. Upplýsingar í síma 896 3367.

Til sölu er 3ja herb. íbúð á 3. hæð að Stórholti 13 á Ísafirði. Fyrir aðeins 800 þúsund króna útborgun er hún þín. Uppl. í síma 462 5860 og 846 9906.

Til sölu er 140m², 4-5 herb. íbúð á 2. hæð í tvíbýlishúsi að Aðalstræti 13, í hjarta bæjarins. Íbúðinni fylgir stór eignarlóð, 25m² bílskúr og 70m² kjallari. Tilboð óskast. Uppl. í símum 456 4543 og 697 4833.

Til sölu er ferðabox (þakbox) á bílinn ásamt þverbogum. Uppl. í síma 847 9989.

Til sölu eru fjögur negld jeppadekk á felgum, 16" 265/75, örbylgjuofn, matvinnsluvél, kaffivél og rúmgafl og stuttir rúmfætur. Uppl. í síma 860 7446.

Til sölu er Toyota Corolla Touring, árg. 91, ekin 130 þús. km. Auka dekk á felgum fylgja. Nýskoðaður. Verðhugmynd 120 þús. kr. Uppl. í síma 695 3636.

Vantar 2ja herb. íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 863 5316.

Til sölu er einbýlishúsið að Seljalandsvegi 85 á Ísafirði. Eignin er 118m² með kjallara að hluta. Húsið er mikið endurbyggt. Nánari upplýsingar gefur Sigmundur í síma 456 5370 og 865 9669.

Grár lítill bakpoki týndist á Háubrún við Tungudal. Finnandi hafi samband í síma 869 9009.

skrifa.com
Upplýsingavefur gervihnattafólksins
Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23

Sjómaðurinn, mótorhausinn og jafnaðarmaðurinn

Þorsteinn Másson er sjómaður, mótorhaus og jafnaðarmaður í frumeðli sínu. Allt þetta fékk hann í vöggugjöf frá foreldrum sínum, þeim Má Óskarssyni og Bryndísi Friðgeirsdóttur. Hann byrjaði ungur til sjós, sem væri ef til vill ekki í frásögur færandi ef hann væri fimmtíu árum eldri en hann er, en ekki margir af hans kynslóð hófu sinn sjómannsferil fimmtán ára gamlir.

Steig varla í lappirnar

Þorsteinn er á 25. aldursári og hefur nú þegar marga fjöruna sopið. Hann er ekki viss hvenær áhugi hans á sjómennsku byrjaði, en er þó öruggur um að það hafi ekki verið í sínum fyrsta túr.

„Þegar ég var fimmtán ára fór ég á sjó með pabba á bátnum Haffara frá Súðavík, sem nú heitir Ísborgin. Þetta var nú bara stuttur túr rétt fyrir sjómannadag og ég var skráður sem kokkur á skipinu. Nærri því um leið og ég steig um borð varð ég heiftarlega sjóveikur og var það allan tímann.

Pabbi var eitthvað að reyna að láta mig vinna niðri í lest, sem var nærri því ómögulegt fyrir mig því ég steig varla í lappirnar. Eftir þessa þrjá daga í helvíti á jörð hét ég því að fara aldrei aftur á sjó, ekki einu sinni í Herjólf.“

Haltur leiðir blindan

Ekki var Þorsteinn lengi að svíkja heit sitt og hefur hann stundað sjóinn öll sumur og þá vetur þegar hann hefur ekki nennt að sækja sér menntun. Í sumar hefur Þorsteinn róið undir stjórn Gísla Hermannssonar sem hann lýsir sem miklum höfðingja.

„Lengst hef ég verið á Framnesinu frá Ísafirði, en síðan hef ég verið að leysa af á hinum og þessum bátum, lengi á netabátnum Grundfirðingi sem er eitthvað um 200 rúmlestir að stærð. Ég er vélstjóri að mennt og hlaut mína eldskírn sem yfirvélstjóri á þeim bát. Þá var ég tvítugur og afskaplega blautur á bak við eyrun.

Ég hlakkaði mikið til að hitta vélstjórann sem átti að vera með mér, en hann kom frá Akureyri. Þegar hann kom spurði ég hvort hann hefði áður verið á netabát og hann sagði nei. Ég spurði á hvaða bát hann hefði áður verið og hann sagðist aldrei hafa verið til sjós. Maðurinn var það óreyndur að hann þekkti ekki muninn á fiskitegundum og til einföldunar kallaði hann alla fiska geddur, vildi meina að þetta væri allt eins.

Það kom samt í ljós að þetta var fyrirtaks vélstjóri og þó svo að haltur hafi leitt blindan í vélarrúminu á þessum bát þá gekk þetta stóráfallalaust fyrir sig.“

Árni bjargaði túrnum fyrir horn

–Hvert er versta pláss sem þú hefur verið í?

„Það hefur sennilega verið á Stakki frá Vestmannaeyjum sem gerði út á rækju frá Bolungarvík. Ég fór í einhverja tvo eða þrjá túra á honum og hef aldrei kynnst eins viðbjóðslegum skítakoppi á ævinni.

Árni Guðmundsson frá Ísafirði bjargaði mér alveg í þeim túr, en hann var kokkur á skipinu. Hann eldaði prýðisgóðan mat og var mér góður. Ef hann hefði ekki verið þarna þá hefði ég sennilega hoppað í sjóinn. Eftir þennan túr ákvað ég í annað sinn á ævinni að fara aldrei aftur á sjó, þó að sjálfsögðu hafi ég ekki staðið við það.“

Vont kerfi, en verra að leggja það af

Þorsteinn er mikill jafnaðarmaður, enda er það honum í blóð borið. Hann er formaður Félags ungra jafnaðarmanna á Vestfjörðum.

„Ég trúi á mátt hinna mörgu og vil hafa jöfnuð í þjóðfélaginu. Eitt sem ég hef tekið eftir er að fólk virðist halda að ef maður er jafnaðarmaður, hljóti maður að vilja leggja kvótakerfið niður eins og það leggur sig. Það held ég einfaldlega að sé ekki hægt, nema með stórkostlegri eignaupptöku og ósanngirni.

Ég er alls enginn sérstakur aðdáandi kerfisins og held að það hefði verið hægt að finna miklu sniðugri leið á sínum tíma. Staðreyndin er samt sú að menn hafa margir hverjir bundið allt sitt við kerfið og það væri fáránlegt að fara að taka allt af þeim. Og þá er ég ekki bara að tala um einhverja forríka frændur að norðan, heldur líka minni útgerðarmenn sem hafa veðsett húsin sín og allar eigur til að eiga möguleika á að starfa í greininni.“

Allir verða að sitja við sama borð

„Í þessu liggur náttúrlega stærsti galli kerfisins. Það er nær ógerningur að komast inn í það og ég held að menn sem byrja í sjávarútvegi í dag eigi aldrei eftir að verða ríkir á fiskveiðum, nema með ótrúlegri lukku, klækjabrögðum eða hvoru tveggja.

Ég held samt að það sé alls ekkert sniðugt að vera endalaust að krukka í kerfinu með ívilnunum hingað og þangað. Það er bara til þess fallið að gera alla vitlausa og skapa endalausar deilur. Það eiga allir að sitja við sama borð, þó svo borðið sé að vísu rammskakkt.“

Sátt um fiskveiðar ómöguleg

„Umræða um kvótakerfið er að sjálfsögðu af hinu góða, en það fer í taugarnar á mér þegar fólk er að gaspra og tuða yfir kerfinu án þess að vita nokkuð hvað það er að tala um. Ég vil þó taka það fram að ég hef þó enga lausn á þessu máli, einfaldlega vegna þess að hún er ekki til. Það er leiðinlegt að segja frá, en það á aldrei eftir að verða nein sátt um stjórn fiskveiða í þessu landi. Því miður.“

STAKKUR SKRIFAR

Gott ferðasumar og framtíðin

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.

Rétt er að leita allra leiða til þess að auka atvinnu. Vestfirðingar sækja fram með ferðaþjónustu. Er það vel. Meira þarf til að treysta grunn ferðamennsku og herða á faglegum kröfum. Það miðar stöðugt í rétta átt. Eitt fyrirtæki stendur sig með mikilli prýði. Aðrir eru ekki lastaðir. Forsvarsmenn Hótels Ísafjarðar hafa sýnt mikinn metnað og náð að vinna hótelinu góðan orðstír. En þá vantar tvennt. Öruggar samgöngur þarf til að nýting verði góð í ráðstefnuhaldi. Þar í eru fólgnir miklir möguleikar, takist vel til. Einnig vantar annað stórt hótel, af svipaðri stærð, á Vestfjörðum. Það mun styrkja tilvist beggja. Ferðamönnum fjölgaði þegar á leið sumarið og er það mörgu að þakka. Afþreying er stór þáttur þegar kemur að því að fólk ákveði hvert það vill fara og hvar það vill dvelja. Hátíðir efla ferðaþjónustu. Ber að þakka Súðvíkurhátíðina og minningu heimastjórnar.

Báðar vöktu þær athygli á Vestfjörðum og sýndu mannlíf hér í björtu ljósi. En það er stöðug vinna að fanga athygli ferðafólks. Þá er vert að hafa í huga að afþreying hvers konar skiptir æ meira máli í efnahagslífi íbúa Vesturlanda. Ferðalög eru stór hluti hennar og tengd tómstundaiðja mikilvægari en orð fá lýst. Fáir koma um langan veg til þess að gista á hóteli og iðka iðjuleysi. Söfn leika stórt hlutverk í ferðaþjónustu. Það gleymist samt að starfsemi þeirra verður að vera lifandi. Vel hefur tekist að gæða Byggðasafnið á norðanverðum Vestfjörðum lífi. En tvinna þarf alla þætti saman, sögu, menningu og hreyfingu. Menningargöngur geta orðið stærri hluti af afþreyingu á Ísafirði. Mörgum sem til Ísafjarðar koma í fyrsta sinn finnst mikið til húsagerðar og skipulags byggðar á Eyrinni.

Söguna er nauðsyn að kynna, örva skilning og vekja frekari áhuga á þeim mikla fjársjóði sem sagan geymir á Ísafirði og í öðrum kauptúnum og kaupstað á Vestfjörðum. En í hraða nútímans eru fáir vísindamenn á orlofsferðum sínum. Sagnfræðingar og safnverðir eiga erfitt en ánægjulegt verk fyrir höndum. Vel hefur tekist til í nýja safnahúsinu á Ísafirði. Sýningar vekja athygli og draga fólk að. Eitt leiðir af öðru. Einn lítill þráður menningar leiðir forvitinn að öðrum og svo vinda þeir upp á sig þræðirnir. Á endanum verður til sterk taug, sem dregur áhugasama að. Oft er rætt um sérstöðu Vestfjarða. Í þeim efnum á að halda því á loft, að Ísafjörður var lengi á nítjándu öld heimsborg með bein tengsl við höfuðborg Íslendinga, Kaupmannahöfn.

Þar sátu Íslendingar og skópu sögu hins nýja Íslands, sem fékk Alþingi 1845, stjórnarskrá og fjárveitingavald 1874, heimastjórn 1904 og sjálfstæði 1918. Allir þessir áfangar tengjast þeirri vinnu, sem útlaginn Jóns Sigurðsson vann með hagsmuni þjóðar sinnar að leiðarljósi. Hann var ekki einn. Þessum þáttum sögunnar og tengslum við Ísland verður að gera glögg skil og einkum tengslunum við Ísafjörð og Vestfirði. Til þess þarf aðra nálgun en hina hefðbundnu. Vestfirðingar eiga þess kost að skapa sér vettvang margs góðs ferðasumars framtíðarinnar og færa ferðalög yfir á veturinn, nái þeir föstum tökum á þessu viðfangsefni

Engu að síður fögnum því sem vel hefur verið gert. Setjum markið hátt. Gerum Ísafjörð að menningarbæ ferðalangsins og veitum honum nýja sýn í sögu þjóðarinnar. Vestfirðingar mun allir njóta góðs af, reyndar Íslendingar allir.

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 2. sept. til sunnudags 5. sept. eða meðan birgðir endast
Alltaf gott verð
59
KORNAX
Hveiti
1199
FROSNAR kjúklinga BRINGUR
959
Grill
40% afsláttur
GRÍSALÆRISVÖÖVI, KRYDDAÐUR KONÍAKSLEGINN EÐA KRYDDAÐUR MEÐ TÖMAT OG BASIL
359
LÍNSÍ
714
Bezt
45% afsláttur
ALÍ bjúgu sérpakkning * ALÍ bjúgu 2
ALÍ reykt meðlætispylsa * ALÍ beikonbúðingur
119
40% afsláttur
ÓKKERN BRAUÐ
499
419
454
454
299
Ysalis
59
PLA
30% afsláttur
377
Ekkert bruðl!
1000g
98
199
149
289
459
BÓNUS kaffi
Florida
Kellogg's
CORN FLAKES
TWIN STAR FRESH PACKS
Cheerios
BÓNUS
...hátíðar og hversdags...

Metaðsókn skemmtiferðaskipa fagnað

Starfsmenn Ísafjarðarhafnar buðu til kaffisamsætis á hafnarskrifstofunni í síðustu viku til að fagna metári í aðsókn skemmtiferðaskipa, en síðasta skipið kom til Ísafjarðar á miðvikudag í síðustu viku. Óhætt er að segja að það hafi verið glatt á hjalla er gestir fögnuðu lokum sumarsins sem var það annasamasta til þessa í móttöku skemmtiferðaskipa. „Þetta var gert fyrir þá sem komu að móttöku skemmtiferðaskipanna til þess að halda upp á að vel heppnuðu sumri er lokið“, segir Guðrún Guðmannsdóttir hjá Ísafjarðarhöfn en tekið var á móti 18 skipum og 6.366 farþegum í sumar.
– *thelma@bb.is*

Rúnar Óli Karlsson, Guðmundur M. Kristjánsson og Hjalti Þórarinsson.



Rúnar Óli Karlsson, Anna Sigríður Ólafsdóttir, Áslaug Alfreðsdóttir og Guðmundur M. Kristjánsson.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Austlæg átt og víða rigning. Fremur milt í veðri.
Horfur á föstudag: Austlæg átt og víða rigning. Fremur milt í veðri.
Horfur á laugardag: Snýst líklega í norðanátt og kólnar, en áfram vætusamt um land allt.
Horfur á sunnudag: Snýst líklega í norðanátt og kólnar, en áfram vætusamt um land allt.
Horfur á mánudag: Norðanátt og vætusamt um land allt. Kólnar heldur í veðri.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Messa sunnudaginn 5. september kl. 11:00. Fermingarbörn mæti til skráningar. Kór Ísafjarðarkirkju syngur undir stjórn Huldu Bragadóttur.
Holtskirkja: Helgistund laugardaginn 4. september kl. 17:00 í umsjón Kvennakirkjunnar.

Spurningin

Ætlar þú í haustferð til útlanda í haust?

Alls svöruðu 359.
Já sögðu 133 eða 38%
Nei sögðu 185 eða 53%
Óvíst sögðu 31 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Örnefnum bjargað frá því að falla í gleymskunnar dá í Hælavík

Hópur strandjaxla lagði í ferð til Hælavíkur í Hornstrandafriðlandinu fyrir stuttu í þeim tilgangi að kortleggja kennileiti á svæðinu áður en þau falla í gleymsku. Með í för var Kjartan Sigmundsson sem ólst upp á þessum slóðum. „Við merktum yfir 30 kennileiti eftir minni Kjartans til að reyna að bjarga frá glötun örnefnum í Hælavík en mörg þeirra eru orðin mjög gömul“, segir Tryggvi Guðmundsson, lögfræðingur og strandajaxl. Að sögn Tryggva er örnefnum Hælavíkur hættara við að glatast en nærliggjandi staða þar sem býlið fór snemma í eyði og fáir eiga þar leið um nema þá helst bjargmenn. Þá voru örnefnin merkt inn á kort frá Landmælingum Íslands og er í bígerð að gera þau aðgengileg almenningi. „Það er til umræðu að gera heitin aðgengileg á tölvutæku formi“, segir Tryggvi og bætir því við að kennileitin hafi tekið breytingum frá undanförnum áratugum. „Bæirnir voru áður í um 30 metra fjarlægð frá sjávarbakkanum en nú hefur sjórinn brotið mikið af bakkanum og með þessu áframhaldi verður sjórinn kominn upp að bæjartóftunum eftir nokkur ár“.

Tryggvi Guðmundsson, Stígur Stígsson og Björgvin Guðmundsson. Ljósmyndir: Örn Ingólfsson.

Kjartan Sigmundsson og Stígur Stígsson.

Hallgrímur Kjartansson, Kjartans Sigmundsson, Tryggvi og Björgvin Guðmundssynir rýna í kortið.

> RÚV: 4. september kl. 20:15

Hetjur í uppnámi

Bandaríska myndin Hetjur í uppnámi segir frá Steven Lidz sem er óánægður heima hjá sér eftir að mamma hans veikist. Hann flytur til frænda sinna tveggja sem eru afar óvenjulegir menn. Honum semur vel við þá og með tíð og tíma fer hann að líta tilveruna bjartari augum en foreldrar hans vilja fá hann aftur....

> Stöð 2: 4. sept. kl. 21:25

Brúðguminn Ashton Kutcher

Nýgift eða Just Married er gamanmynd sem segir frá Sarah og Tom sem eru nýgift. Foreldrar hennar voru andvígir ráðahagnum en það verður ekki á allt kosið. Ungu hjónin halda til Evrópu og fram undan er brúðkaupsferð sem þau munu aldrei gleyma. Nánast allt gengur á afturfótunum og hveitibrauðsdagarnir snúast upp í algjöra martröð.

> Sýn: 10. sept. kl. 21:40

Kvennabósinn Sven-Göran

Sven-Göran Eriksson hefur náð góðum árangri með enska knattspyrnulandsliðið. Hann er samt mjög valtur í sessi enda er einkalíf hans skrautlegt. Ítölsk unnusta hans gaf honum reisupassann fyrir enn eitt framhjáhaldið og síðan þá hefur hvert viðhaldið á fætur öðru skotið upp kollinum m.a. Faria Allam sem segir sögu sína í þættinum í kvöld.

Rögnvaldur sigraði á HG-mótinu

Rögnvaldur Ólafsson, Golfklúbbnum Jökli sigraði á Opna HG-mótinu sem haldið var á Tungudalsvelli um síðustu helgi. Rögnvaldur fór holurnar 36 á 150 höggum án forgjafar. Í öðru sæti varð Hannes Marinó Ellertsson, Golfklúbbnum Jökli á 159 höggum og þriðji varð Sigurður Fannar Grétarsson, GÍ, á 165 höggum. Með forgjöf sigraði Loftur Gísli Jóhannsson, GÍ, á 141 höggi, annar varð Hákon Dagur Guðjónsson, GÍ, á143 höggum og þriðji varð Kristján Jónsson, GBO, á 144 höggum. Í kvennaflokki án forgjafar sigraði Anna Ragnheiður Grétarsdóttir, GÍ, á 188 höggum, önnur varð Pimolask Rodpitake, GÍ, á 204 höggum og þriðja varð Margrét Ólafsdóttir, GÍ, á 212 höggum. Með forgjöf varð Anna Ragnheiður í fyrsta sæti, Margrét í öðru og Pimolask í því þriðja. 77 keppendur tóku þátt í mótinu. Holuverðlaun fengu þeir Rögnvaldur Ólafsson, Grímur Lúðvíksson, Magnús Helgi Guðmundsson og Halldór Fr. Ólafsson.

Verðlaunahafar á mótinu. *Ljósmynd: Golfklúbbur Ísafjarðar.*

Sportið í beinni

Sýn:
Laugardagur 4. sept.:
Kl. 18:15 – World Cup. Austurríki – England.

Miðvikudagur 8. sept.:
Kl. 19:00 – World Cup: Ungverjaland – Ísland

TV2 Zulu:
Föstudagur 3. sept.:
Kl. 17:00 – World Cup: Danmörk – Úkranía U21

TV2 Danmark:
Laugardagur 4. sept.:
Kl. 18:00 – World Cup: Danmörk – Úkranía

Kanal 5 Svíþjóð:
Laugardagur 4 sept.:
Kl. 18:45 – World Cup: Malta – Svíþjóð

Gerð sparkvallar lokið

Þökulagningu á sparkvelli á Þingeyri lauk á sunnudag og höfðu margir tugir sjálfboðaliða á hálfum mánuði lagt samtals 8.000 fermetra af þökum. Til að fagna verklokum var haldin grillveisla. „Það var mikið fjör.Við grilluðum og spiluð var lifandi tónlist“, segir Sigmundur Þórðar-son, formaður íþróttafé-lagsins Höfrungs. Verkinu er þó ekki að fullu lokið. „Nú hefst fínni vinnan. Meðal annars þarf að snyrta svæðið í kring og sinna vellinum vel svo grasið fái að gróa“, segir Sigmundur.

Afmæli

Sigrún Baldursdóttir, Góuholti 8, Ísafirði, verður **40+10 ára**, 7. september nk. Af því tilefni mun hún og eiginmaður hennar, Arnar Kristjánsson, taka á móti ættingjum og vinum í Kiwanishúsinu á Skeiði, laugardaginn 4. september frá kl. 20.

Íslandspóstur hf

Bílstjóri óskast

Bílstjóri óskast til að aka út bögglum á kvöldin frá pósthúsinu á Ísafirði. Getur hafið störf strax.

Upplýsingar gefur stöðvarstjóri í síma 456 5000.

Íslandspóstur hf., Ísafirði.

Atvinna

Starfsmaður óskast í Shellskálann í Bolungarvík.

Upplýsingar gefur Sigurgeir í síma 456 7554.

Verslun til sölu!

Til sölu er lítil og falleg blóma- og gjafavöruverslun. Besta og skemmtilegasta sölutímabil ársins er framundan.

Upplýsingar veitir Soffía Hauksdóttir í síma 690 2721.

Blómahornið
Sími 456 7021

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Atvinna

Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi. Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma.

Upplýsingar gefur María.

Gamla bakarið

Sælkeri vikunnar

er Rannveig Ragnarsdóttir í Súðavík

Frost og funi og eðal piparsteik

Piparsteik með rjóma-koníakssósu

800 g nautalundir
4-6 msk mulin græn,rauð og svört piparkorn
smjör til steikingar
salt

Ef piparkornin eru heil, myljið þau. Veltið kjötinu upp úr piparkornunum. Steikið kjötið í smjörinu á vel heitri pönnu í tvær til þrjár mínútur á hvorri hlið. Tíminn fer eftir því hversu þykkar steikurnar eru og hve vel kjötið á að vera steikt. Takið kjötið af pönnunni og kryddið með salti eftir smekk.

Sósa

2-3 dl rjómi
2 msk koníak
salt

Hellið rjómanum á pönnuna og sjóðið í nokkrar mínútur. Bragðbætið með koníaki og ef til vill salti. Skerpið litinn með örlítið af sósulit.

Frost og funi, ís með heitum marengs

½ l tilbúinn vanilluís
2dl blönduð ber (frosin)

marengs
2 eggjahvítur
120 g flórsykur

Látið ísinn standa við stofuhita í 15-20 mínútur. Hrærið ísinn í hrærivél þar til hann er orðinn mjúkur. Blandið berjunum saman við. Setjið í eldfast mót og inn í frysti í að minnsta kosti 2 klst. Takið ísinn úr frysti og smyrjið marengsinu ofan á. Mótið sett í heitan ofn og bakað í 5 mín. eða þar til liturinn er orðinn ljósbrúnn.

Ég skora á Lilju Ósk Þórisdóttur í Súðavík til að verða næsti sælkeri vikunnar

Subaru Forrester

Til sölu er Subaru Forrester árg. 1988. Ásett verð kr. 1.000.000.-

Uppl. í síma 895 8270.

Toyota Land Cruiser VX 90, árg. 98

Til sölu er **Toyota Land Cruiser VX** 90, árg. 1998, ekinn 118 þús. km. Fryst skráður 12/98. Er á dekkjum, varadekkjahlíf, spoiler og grjóthlíf. Upplýsingar í símum 456 4244, 456 4566 og 892 7911.

skrifa.com
Upplýsingavefur gervihnattafólksins

Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.

Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk
www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn

Pétur Sigurðsson, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

„Okkar fólk mun ekki sitja eftir“

„Við munum ekki láta okkar fólk sitja eftir í þessari samkeppni frekar en áður“, segir Pétur Sigurðsson formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga um hugsanleg viðbrögð sjóðsins við lækkun vaxta af húsnæðislánum undanfarna daga.

Sem kunnugt er hafa bankarnir undanfarna daga keppst við að bjóða húsnæðislán með lækkuðum vöxtum. Í kjölfarið hefur Íbúðalánasjóður lækkað vexti sína. Vextir bankanna eru í dag 4,4% og Íbúðalánasjóður tilkynnti í síðustu viku að vextir sjóðsins í september verði 4.35%. Lífeyrissjóðir landsmanna hafa verið gildir á lánamarkaði húsnæðislána undanfarna áratugi. Hafa útlánavextir þeirra oft verið á milli vaxta bankanna og opinbera húsnæðiskerfisins.

Því hafa nú vaknað spurningar um hvað stjórnir lífeyrissjóðanna gera í kjölfar lækkandi vaxta. Á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða má í dag lesa tilkynningar frá Lífeyrissjóði sjómanna þar sem vextir sjóðsfélaga eru lækkaðir úr 4,83% í 4,3% og frá Framsýn þar sem vextir eru lækkaðir úr 5,4% í 4,9%. Lán Lífeyrissjóðs Vestfirðinga til félagsmanna sinna hafa að undanförnu borið 6% vexti. Pétur Sigurðsson formaður stjórnar sjóðsins segir sjóðinn ávallt hafa reynt að halda vöxtum af lánum til sjóðsfélaga í lægri kantinum miðað

Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista á Ísafirði.

við aðra sjóði.

„Við höfum ávallt verið í lægri kantinum og við verðum þar örugglega áfram. Við munum ekki láta okkar fólk sitja eftir í þessari samkeppni frekar en áður.“ Pétur segist reikna með að haldinn verði fundur í stjórn sjóðsins á næstu dögum þar sem ákvarðanir um lækkun vaxta verða teknar.

– hj@bb.is

Gjaldskrá leikskóla í Ísafjarðarbæ

Engin ákvörðun tekin um breytingar

Engin ákvörðun hefur verið tekin um það hvort og þá hvernig leikskólagjöld í Ísafjarðarbæ verða aðlöguð gjöldum í öðrum sveitarfélögum. Sem kunnugt er reyndust leikskólagjöld í Ísafjarðarbæ hæst á landinu og hefur gjaldskráin verið til skoðunar undanfarna mánuði meðal annars í fræðslunefnd og félagsmálanefnd bæjarins.

Fyrir nokkru ákvað Reykjavíkurborg að bjóða 5 ára börnum gjaldfrjálst leikskólanám þrjár klukkustundir á dag og tekur ákvörðunin gildi þann 1. september. Breikkar því bilið nokkuð á

Leikskólinn Eyrarskjól.

milli leikskólagjalda í Ísafjarðarbæ og í Reykjavík. Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir gjaldskrármál leikskólanna hafa verið í skoðun undanfarna mánuði en engin ákvörðun hafi verið tekin um framhaldið. Það muni hinsvegar skýrast fljótlega.

– hj@bb.is

Fyrsta skóflustungan að nýju íþróttahúsi á Suðureyri var tekin á laugardag

Skólabörnin hófu verkið

Fyrsta skóflustunga að nýju íþróttahúsi á Suðureyri var tekin á laugardag. Stunguna tóku börn sem hefja nám í Grunnskólanum á Suðureyri í haust og fylgdist fjöldi fólks með athöfninni, en Súgfirðingar hafa lengi barist fyrir því að íþróttahús verði byggt í bænum. Þá skrifuðu Torfi Jóhannsson, annar tveggja eigenda verktakafyrirtækisins Ágústs og Flosa ehf., og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, undir samning um byggingu hússins. Vottar voru nefndarmenn í undirbúningsnefnd um byggingu íþróttahúss á Suðureyri.

Að því loknu var grillað ofan í gesti og gangandi. Teikningar að fyrirhuguðu húsi voru til sýnis í anddyri Grunnskólans á Suðureyri og gafst íbúum bæjarins tækifæri á að virða þær fyrir sér. Hið nýja íþróttahús verður á sjötta hundrað fermetrar að gólffleti og mun kosta Ísafjarðarbæ 57 milljónir króna. Byggingu á að vera lokið í sextándu viku næsta árs.

– halfdan@bb.is

Halldór Halldórsson aðstoðar börnin við moksturinn.

Halldór Halldórsson og Torfi Jóhannsson skrifa undir verksamninginn.

Ný númer
Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.
Aðalnúmer 450 3300
Timbursala 450 3302
Fax verslun 450 3301
Fax timbursölu 450 3303
HÚSASMIÐJAN
Sími 450 3300 • www.husa.is

Dragnótabáturinn Björgvin ÍS-468 frá Þingeyri sökk útaf Dýrafirði

Tveimur mönnum bjargað

Mannbjörg varð á fimmtudagsmorgun er Björgvin ÍS-468 sökk útaf Dýrafirði. Tveir menn voru á bátnum og var þeim bjargað um borð í nærstaddan bát. Björgvin ÍS-468 var 25,6 brúttótonn að stærð, smíðaður í Hafnarfirði árið 1974. Hann var gerður út til dragnótarveiða frá Þingeyri. Björgunarbátur inn Gunnar Friðriksson frá Ísafirði var kallaður út en snúið við þegar ljóst var að mannbjörg hafði orðið og báturinn var sokkinn.

Komið var með skipbrotsmennina til Þingeyrar um hádegisbil og vildu þeir þá ekkert tjá sig um ástæður þess að báturinn sökk. Skipverjarnir komust í björgunargalla og gátu sjósett björgunarbát áður en Björgvin ÍS sökk. Steinunn ÍS var skammt frá og gekk vel að bjarga mönnunum. Yfirheyrslur yfir skipbrotsmönnunum fóru fram sama dag hjá lögreglunni á Ísafirði.

– hj@bb.is

Skipverjarnir tveir af Björgvin um borð í Steinunni. Skipverji af Steinunni stendur nær. Ljósmynd: Jón Sigurðsson.